

**ÞETT
EINTAK**

SIRKUS

23. JÚNÍ 2006 | 25. VÍKA

**HVERT ÁTTU AÐ
FARA Í FRÍ?**

**KANARÍ, MÍLANÓ
EÐA BÚLGARÍU**

**STÆRSTA REIF
Á ÍSLANDI**

**RASSAR OG
AFTUR RASSAR**
SIRKUS ER
BOOTYLICIUS!

**FLOTTASTA HJÓL
REYKJAVÍKUR**

GELLAN OG NÖRDINN

RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR OG SNORRI ENGLBERTSSON ERU ÞESSA DAGANA AÐ UNDIRBÚA SIG UNDIR TÖKURNAR Á ÆVINTÝRAGRÍNMYNDinni ASTRÓPÍA. HÚN LEIKUR GELLUNA OG HANN NÖRDINN SEM KENNIR HENNI Á FÍNNI BLÆBRIGÐI LÍFSINS. SIRKUS KÍKTI Á ÆFINGU HJÁ ASTRÓPÍUHÓPNUM EN MYNDIN LOFAR VÆGAST SAGT GÓÐU.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK



SUMARIÐ ER TÍMI STÓRMYNDANNA. EITTHVAÐ HAFA ÞÆR LÁTIÐ BÍÐA EFTIR SÉR SÍÐUSTU VIKURNAR EN NÚ ER BOLTINN FARINN AÐ RÚLLA Á NÝ. CARS ER FRUMSÝND UM HELGINA OG ÆTTU FLESTIR AÐ SKEMMTA SÉR STÓRVEL Á HENNI.

BÍÓSUMARIÐ HELDUR ÁFRAM

Eftir frekar daufar bíóvikur upp á síðkastið er loksins farið að glæðast í kolunum og nú um helgina dettur inn mynd sem flestir ættu að geta hugsað sér að bregða sér á, tölvuteiknimyndin Cars. Ekki þá aðeins vegna krúttulegs söguþráðarins heldur einnig til að sjá hvernig tækninni fleygir fram og hvert fremstu gæjarnir í bransanum eru komnir.

Cars er auðvitað nýjasta myndin frá meisturum tölvuteikninganna, Pixar, og leikstýrt af manninum sem byrjaði dæmið, John Lasseter. Hann á heiðurinn af Toy Story og þessum helstu myndum sem komu boltanum til að rúlla. Enda keypti Disney Pixar um daginn á morðfjár og setti Lasseter og félagi hans yfir alla myndaframleiðslu Disney. Nú ætla þeir að endurvekja stórveldið og Cars er fyrsta myndin á leiðinni þangað.

Söguhetjan í Cars heitir Lightning McQueen, ungur og funheitur kappakstursbíll sem á alla framtíðina fyrir sér. Hann er hroka-fyllri en góðu hófi gegnir, enda skiptir það engu máli þegar hann vinnur hvern kappaksturinn á fætur öðrum. Örlögin leiða hann í smábæ úti í miðri eyðimörk þar sem hann lærir á finni blæbrigði lífsins, vináttu, traust og fleira skemmtilegt. Saga sem yljur öllum um hjartarætur.



FJÖLDI ÞEKKTRA LEIKARA TALAR Á MYNDINA – BÆÐI Á ENSKU OG ÍSLENSKU.



ÁSTIN BLÓMSTRAR Á BENSINSTÖÐINNI.

SIRKUSÁVARPIÐ

SÆTAR STELPUR OG KLÁRIR STRÁKAR

Kvikmyndin Astróþía er ekki væntanleg í bíó fyrr en um jólin en aðstandendur hennar eiga skemmtilegt tökusumar fyrir höndum. Hafnfirðingar eiga eflaust eftir að fá sinn skerf af tökulíðinu þar sem mikil Hafnarfjarðarstemning ríkir í hópnum og allar borgartökur fara fram þar í bæ.

Sagan í Astróþíu á vel upp á pallborðið nú sem endranær, sæta stelpa kynnist nór-dunum og kemst að því að þeir eru alls ekkert slæmir heldur þrælfínir. Þetta er svipað því sem hægt er að sjá í sjónvarpsþættinum Beauty and the Geek, þar sem aðstæðun-um er stíllt vandlega upp af bandarískum ofurpróðuserum. Það virðist reyndar ekki erfitt þar sem unglingsþjóðfélagið vestra elur greinilega á þessari skiptingu.

En lexían er sú sama. Sama gamla tuggan, sem þó þarf að endurtaka reglulega. Það borgar sig ekki að vera með fordóma, það er gjörsamlega vonlaust. Og þeir sem efast fá það aftur í hausinn seinna – það er aldrei að vita hver nær völdunum og hefnir sín hrikalega.

Hvernig sú flækja verður er annað mál. Við hendum frekar þessum leiðindum öfugum út og hlaupum af stað út í bjarta Jónsmessunóttina ferskari en nokkru sinni fyrr.



Tinni Sveinsson

SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson

Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson

Sölustjóri: Hörður Jóhannesson

hordur.johannesson@365.is

Ritstjóri: Tinni Sveinsson

Ritstjórn: Sigríður Ella Jónsdóttir,

Sólmundur Hólm Sólmundarson.

Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsöðumyndina tók Heiða Helgadóttir af Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur og Snorra Engilbertssyni.

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Ekki láta Ham-tónleikana fara fram hjá ykkur. Ef þið gerið það þá munuð þið missa af miklu. Ham er band sem á sér sögu, þeir klikka ekki á sviði og enginn annar en Sigurjón Kjartans mun sýna okkur taktana sem eru kúl. Tónleikarnir eru á Nasa fimmtudaginn 29. júní og sérstakir gestir með þeim eru 9/11's. Þetta er að sjálfsögðu algjört móst fyrir alla, konur og karla. Eins og glöggir sjá þá er Sirkus algjörlega með tónleika-haldi og tónleikamætingu, koma svo!



Sirkus mælir með tónleikum og aftur tónleikum. Í alvörinni, tónlistar- og menningarlíf í Reykjavík city er í blóma og því er það einungis í okkar höndum að mæta og styðja okkar fólk. Nú eru tónleikar úti um allan bæ og því er um að gera að kíkja, þeim sem ætla að fara eftir fyrirskipun okkar Sirkusmanna er bent á tónleikana á laugardagskvöldið á Amsterdam, harðkjamarokk á Gauknum á föstudagskvöldið, sprelli og stuði er lofað á Kaffi Hljómalandi á laugardaginn og svona má lengi telja.



Eitt sem Sirkus mælir svo sannarlega með er Cafe Flóra í Laugardalnum, það má með sanni segja að þetta sé eitt af bestu kaffihúsum bæjarins. Þvílík snilld, þarna eru japanskir fiskar, ró og næði og já einstakt mannlíf sem og plöntulíf. Þarna kemur fólk úr öllum áttum sem sækist eftir góðum filing, sumri og sól og ekki má gleyma plöntuá hugafólkinu. Kíkið, snæðið, labbið um og bara njótið þess.

EFNI

4 – Megareif á döfinni í Kaplatrika.

6 – Idol Snorrinn með Vigni í Írafar sér við hlið.

6-7 – Sannleikurinn afhjúpaður: Íslendingar frá A til Ö.

10 – Helena fagra opnar kistillinn.

12 – Hvaða staður hentar þér í friði?


16-17 – Kíkt á æfingu hjá Astróþíuenginu.

18 – Hvað er með þennan gyðingarappara?

22 – Rassarnir njóta sín í falllegum nærbuxum.

26 – Klikkadír gæjar fengu sér X-tattú fyrir tónleikamiða.

27-29 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík.



6

10

14

16-17

22-23

26

Útílfveran 2006

Útivistarhátíð á Ísafirði 13. - 16. júlí



FULLT AF FJÖRUGUM VIÐBURÐUM FYRIR ALLA

Bátafjör | Kajakkeppnir | Siglingakeppnir | Háskagrillun | Amazing Race
Gönguferðir | Námskeið | Innivist | Miðnæturgolf | Hundaprautir

Értu
Útílfvera?

www.utilifveran.is



Partly funded by the EU

YFIRHEYSRSLAN

Á MENNINGARNÓTT VERÐUR HALDIN STÆRSTA REIFHÁTÍÐ LANDSINS FYRR OG SÍÐAR, SEGIR SKIPULEGGJANDINN HÁKON VARMAR. KALLAST VIÐBURÐURINN SENSATIONAL ICELAND OG MUNU ERLENDIR JAFNT SEM INNLENDIR PLÖTUSNÚÐAR ÞEYTA SKÍFUM FYRIR SVEITTAN LÝÐINN.

SENSATIONAL ERU AÐALMÁLID Í REIFHEIMUM ÞESSI ÁRIN. ALLIR Í HVÍTU, LJÓSA SJÓV OG LÆTI.

VIÐ ÆTLUM AÐ TAKA 2500 MANNNS INN

Þrátt fyrir umtalað oframboð af tónleikum í sumar eru í bígerð teknótónleikar á títanískum skala. Tónleikarnir kallast Iceland Sensation og eru skipulagðir að evrópskri fyrirmynd. Sensation-dansviðburðirnir hafa síðustu ár verið haldnir í Amsterdam en í fyrra voru þeir einnig í Belgíu og Þýskalandi. Þetta eru stærstu dansviðburðir sem haldnir hafa verið innan-húss og laða að sér tugi þúsunda teknóhousa. Tónleikarnir hér á landi mun fara fram í Kaplakrika þann 19. ágúst,

STÆRRI EN WATERS

„Þetta verða umfangsmestu tónleikar sem haldnir hafa verið hér á landi í lengri tíma,“ segir Hákon Varmar, einn skipuleggjenda tónleikanna.

„Við sáum hversu mikið batterí Roger Waters tónleikarnir voru en ég get vottað það að það verður ekki minni umstang í kringum þessa tónleika. Ljósabúnaðurinn er alveg gífurlegur og við verðum með fullkornasta og dýrasta hljóðkerfi á landinu. Sviðið er líka eitt-hvað sem verður að byggja frá grunni. Þetta er ekki neitt sem er aðkeypt heldur eru margir hönnuðir sem koma að því að teikna þetta. Þarna verða myndavélakranar og hátt í 40 ljósmyndarar. Þannig ég er ekki að fara með neina vitleysu þegar ég segi að þetta verður stærsti dansviðburður ársins.“

MÍÐARNIR RJÚKA

Þrátt fyrir að margir hafa brennt sig á tónleikahaldi í sumar blæs Hákon á allar efasemd-

ir. „Þetta er náttúrulega alltaf riskí bissett. Annað hvort græðir maður eða tapar. Maður spyr sig bara: ertu tilbúinn að taka áhættu? Miðað við hvernig miðasalan hefur gengið frá því að við förum að selja á mánudaginn hef ég engar áhyggjur. Það er verið að selja rosalega, ég hef ekki séð svona áður. Við ætlum að taka 2500 manns inn. Húsnæðisskorturinn á Íslandi er þannig að það er annaðhvort Kaplakrikinn eða Egilshöll,“ segir Hákon en ástæðan fyrir því að Laugardalshöll varð ekki fyrir valinu mun vera vegna stúkusætanna. Maður situr ekki á svona tónleikum.

Meðal þeirra íslensku plötusnúða sem þeyta munu skífur eru DJ Exos, Kiddi Bigfoot og fleiri. Mikil leynd hvílir yfir því hvaða erlendu plötusnúðar munu koma fram. „Já, við erum komin með mörg nöfn á fast en þau eru ennþá leyndarmál.“

ROSALEGT SAMSPIL

Tónlistin sem vanalega er leikin fyrir dansi á Sensation í Evrópu er trans og teknó sem gjarnan eru flokkaðar undir hattinn „e-pillu tónlist“.

„Við erum að reyna að koma með eitthvað nýtt inn í íslenska tónlist. Þetta er orðið svo súrt hérna.

Það er alltaf sömu gaurarnir að spila á sömu skemmtistöðunum. Það vantar eitthvað virkilega einstakt,“ útskýrir Hákon ákveðinn.

Hann segir Sensation Iceland verða svipaða og systurhátíðina á meginlandinu nema hvað stærðina varðar. „Íslendingar eru náttúrulega bara 300.000 þannig þetta verður ekki jafn stórt en uppbyggingin er nákvæmlega sú sama. Þetta verður rosalegt samspil af ljósa sjóvinu og tónlistinni. Sviðið verður í miðjunni þannig allir eru með 360° útsýni yfir allt sem er að gerast.“

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um leið og þær berast á slóðinni www.sensation-iceland.com. Þá er hægt að fá nasasjón af Sensation fyrirbærinu í Evrópu á sensation.id-t.com/

ÞEIR INNLENDU DJ EXOS OG KIDDI BIGFOOT ERU MEÐAL ÞEIRRA SEM SPILA Á SENSATION. MIKIL LEYND HVÍLIR YFIR ÞVI HVERJIR KOMA FRAM.

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir ekki með röðinni á skemmtistaðinum Sirkús. Í gegnum árin hefur raðarmenningin þarna á Klapparstígnum þróast út í þjóra brenglun. Þarna gildir ekki „fyrstir koma/fyrstir fá“-reglan heldur er einhverskonar ég-er-meira-kúl-en-þú troðningur sem enginn virðist átta sig á, síst af öllum dyravörð-urinn. Sirkús er töff skemmtistaður en ef fólk er svona órvæntingarfult að hanga með fræga fólkinu væri því nær að dingla heima hjá Björk Guðmunds á Ægissíðunni og spyrja hvort hún og Matthew vilji vera memm.



Sirkus mælir ekki með sjónvarpsglápi í sumar. Við höfum nú mánuði af myrkrí og slyddu hér á landi. Þá er í finu lagi að leigja Six Feet Under seríurmar og leggjast í dvala og þunglyndi. Nú í sumar er hins vegar hægt að ná í rassgatið á dýrmætum sólar-geislum ef við erum heppin. Hvað með það þótt það hafi bara verið einn rigningarlaus dagur í júní? Látið ykkur bara hafa það og mætið niður í Nauthólsvík á stuttboxum með sólgleraugun í hellidembu og sýnið veðrinu úr hverju Íslendingar eru gerðir.



Sirkus mælir ekki með Varnarliðinu. Þessi þjóð er búin að kyrja „herinn burt!“ og nú loks þegar Kaninn er á leiðinni heim eru allir á voða bömmar. Fólk ætti frekar bara að vona að við fáum einhverja framandi og meira spennandi NATO-hermenn hingað: Tyrki, Tékkar eða Lúxemborgara. Eða þá við uppfyllum langþráðan draum Björns Bjarnasonar og stofnum okkar eiginn her.



Sirkus mælir ekki með verslunarmiðstöðunum. Kringlan og Smáralindin eru finar í sjálfu sér þó að fólkið þar minni mann dældið á vélmanni. Nú er það hins vegar miðbærinn sem er mál-ið. Þar hanga karakterarnir í Reykjavík: Jón hlaupari, Siggí sýra og Kjartan „Sægreifinn“ Halldórsson. Það er ekki hægt að sitja yfir kaffibolla í Smáralindinni á meðan maður lætur goluna renna fingrunum í gegnum hárið og veltir fyrir sér af hverju him-inninn sé í raun og veru blár.

SKAKKAMANAGE STENDUR FYRIR NÝSTÁRLEGU UPPBOÐI Á HVERFISGÖTUNNI Í KVÖLD.

FÓLK Á AÐ MÆTA MEÐ DRASL OG SELJA ÞAÐ

„Við viljum skemmta landanum. Höfum mjög gaman af því,“ segir Svavar Pétur Eysteinnsson, forspraki hljómsveitarinnar Skakkamanage. Það verður nóg að gerast hjá Skakkamanage á föstudagskvöld því sveitin stendur fyrir svokölluðu smámunauppboði á Snóker sportbarnum við Hverfisgötu.

„Það hafa allir þörf á því að losa sig við smáhluti. Það er mælt til þess að fólk mæti með drasl sem það hefur ekkert að gera við. Svo verða stórkostlegir skemmtikraftar sem troða upp milli

uppboða. Listamennirnir ætla líka að koma með eitthvað, þeir geta þá boðið upp sjálfa sig, fötin eða hljóðfæri.“

Tílefini smámunauppboðs Skakkamanage er ný plata sveitarinnar sem kemur út í sumar. Pétur Már Gunnarsson listamaður er uppboðshaldari en tónlistin verður í höndum Auxpan, Mr. Silla & Mongoose, The Desire of Hudson Wayne og dj Skakkamanage. Tilboðshúsið opnar klukkan 21, rétt eftir að síðasta HM-leik lýkur á tjöldum staðarins. Aðgangur er ókeypis og tilboði er lofað á barnum.



SVAVAR, PORMÓÐUR OG BERGLIND Í STUÐI

Nýr Sportbar!



**Allir leikir HM
á risaskjá!**

**Kirkjustétt 2-6,
Grafarholti
S. 567 8197**

www.sportcafe.is

Fritt inn!

Lifandi tónlist allar helgar!

**Glæsilegur
matseðill**



Kíktu í Pool



Lúxussalur

**Opið alla daga
frá kl. 11:30.**

Hlaðborð alla virka
daga 11:30-13:30.

ÍSLENDINGAR

– FRÁ A TIL –

ÍSLAND – BEZT Í HEIMI! OKKUR FINNST VIÐ VERA FRÁBÆR EN GLEYMUM Í LEIÐinni HVERNIG VIÐ Í RAUNinni ERUM. SIRKUS TÓK SAMAN NOKKUR ATRÍÐI TIL AÐ MINNA ÍSLENDINGA Á SJÁLFA SIG.

A – AT-HYGLIS-SÝKI.

Íslendinga þyrstir í að vera frægir. Vanir því að fá alltaf nóg af athygli þegar þeir segjast vera frá Íslandi.



Á – ÁL

Íslenskir ráðamenn sjá lausnir við öllum heimsins vandamálum í álinu. Atvinnuleysi – ál reddar því, verðbólga – ál reddar því, kvef – ál reddar því.



B – BLÁA LÓNID

Flaggskip Íslendinga í ferðapjónustu. Ef einhver dírifist að rakka það niður fær hann þjóðina á móti sér.



C – CERES 4

Það verða öll lönd að eiga massaðan pönkara sem þörir að rífa kjaft.



D – DAVÍÐ ODDSSON

Margir halda ennþá að X- D standi fyrir X – Davíð Oddsson.



E – ELDRI BORGARAR

Það er ómurlengt að vera eldri borgari á Íslandi. Þeir eru gleymdir, hrukkóttir og þurfa að leþja dauðann úr skel.



É – ÉL ALLAN ÁRSINS HRING

Íslendingurinn kippir sér ekki upp við það þótt hann skelli á með eljum í Nauthólsvíkinni um hásumar.

F – FRAMSÓKN

Séríslenskt fyrirbæri. Bændur eru eins og gyðingar í Bandaríkjunum. Ekki margir en með fánánleg völd.



G – GAUKUR Á STÖNG

Heilu kynslóðirnar hafa skemmt sér á Gauki á Stöng sem stækkar og stækkar og rokkar alltaf jafn feitt.



H – HAFNFIRÐINGAR

Hafnfríðingar vaða uppi þessa dagana vegna mikillar velgengni fimleikafélags bæjarins í knattspyrnu. Það hafa ekki verið samdir fleiri brandarar um íbúa nokkurs kaupstaðar í heimi.

I – INTERNETIÐ

Það gerist allt á netinu hjá Íslendingum sem standa öðrum þjóðum framar í þeim efnum.



Í – ÍSLENDINGA-SÖGUR

Upplognar montsögur um bændur sem hommuðust undir hlöðupaki.



SNORRINN HREKKUR Í GANG

„Hérna er þetta bara allt. Gjörðu svo vel og ég er farinn,“ segir Snorri Snorrason Idol-stjarna og hlær. Hann gefur þessa dagana út plötuna Allt sem ég á og bannar fólki að rýna of mikið í titilinn. Hann þýðir ekki að Snorri sé að klára sig og tæma strax á fyrstu plötu.

Snorri er búinn að vera í sjötta gír síðan hann vann Idol-keppnina í vor. Segist þó aðallega hafa skemmt á smágiggum og fjölskylduskemmtunum og ekki þéna eins og vitleysingur á því. En meðfram þessu gekk hann frá plötunni, sinni fyrstu sólóplötu.

6

„Ég samdi þrjú lög og Vignir eitt. Hann er upptökustjóri á plötunni,“ segir Snorri og talar þar um Vigni Snæ Vigfússon í Írafári. Þeir félagar hafa náð vel saman að undan-



SNORRI ER MÆTTUR TIL LEIKS OG ÞAÐ ER HUGUR Í HONUM.

förnu. Þeir eiga enda vel saman, svona hávaxnir og ljóshærðir. „Já, það dugar ekkert fyrir mig að hafa einhvern lítinn gaur við hliðina á mér. Við erum orðnir gott „team“. Hann er góður gæi.“

Snorri segir sumarið nokkuð óráðið en ljóst sé að hann muni fylgja plötunni eftir. „Ætli við förum ekki í það að skipuleggja útgáfutónleika. Svo er ég að gæla við það að setja í band og spila plötuna á minni tónleikum. Þetta eru nokkrar hugmyndir af mörgum og kemur í ljós á næstunni hvernig við höfum þetta,“ segir Snorri, hæstánægður með gripinn. Hann segir það alveg á hreinu að hann geri ekki aðra plötu fyrir jólin, í fyrsta lagi á næsta ári. Þá er hann einnig með það á tæru að fara ekki aftur að vinna í Kjötsmiðjunni eins og fyrir Idolið, þótt hann kiki þangað af og til.



VIGNIR Í IRAFÁRI OG SNORRI NÁ VEL SAMAN OG ERU ORÐNIR GOTT „TEAM“.

J – JÓL

Jólin byrja í ágúst á Íslandi.



K – KÁRI STEFÁNSSON

Maðurinn sem veit allt um þig.



L – LAUSLÆTI

Íslendingar slá alltaf árlega í gegn í kynlífskönnun Durex. Reyndar gæti L líka staðið fyrir Leoncic sem hefur ekki síður sett svip sinn á þjóðfélagið.



M – MÚGSEFJUN

Þjóðin verður öll brjáluð á örskotsstundu þegar henni misbýður en gleymir öllu innan sólarhrings.

N – NAGLADEKK

Íslendingar þora ekki að taka nagladekkin undan því það getur byrjað að snjóa hvenær ársins sem er.



Ó – ÓÐAL

Íslendingurinn hatar ekki að bregða sér á strípibúllu og missti sig hreinlega þegar þær komu fyrst til sögunnar.



P – PABBA-HELGI

Lauslæti Íslendingins er oftan en ekki orsök hjónaskilnaða.



R – RÓNALEYSI

Það er alltof lítið af rónum á Íslandi. Þessir fáu sem til eru eru allir frægir.



S – SÓLARLÖND

Íslendingurinn elskar að gera sig að fifli í sólarlöndum. Og reynir að útbúa sömu aðstæður með hituðu vatni í Nauthólsvík.



T – TOLLUR

Tollaramir eru óvinir Íslendingins. Hvort sem hann er að smygla spægjupylsu eða kókaíni.

U – UNGFRÚ HEIMUR

Við eigum nú fallegar konur og þrjár hafa verið fallegastar í heimi.



V – VEIÐI

Örlogahobbi Íslendingins. Spillingarsport þar sem menn misnota fé til að kaupa veiðileyfi.



X – X-B

Framsóknarflokkurinn kemur tvisvar fram í stafrófinu þrátt fyrir lítið fylgi. Flokkurinn í hnotskurn.



Y – YFIRVIGT

Börnin eru að fitna og fulloröna fólkið líka.



Ý – ÝSA

Sunnudagsmatur íslenskra sjómanna.



Z – Z

Stafur sem gamlir skarfar nota stundum til að sýna að þeir kunni ennþá reglurnar.



Þ – ÞAÐ VAR LAGIÐ

Hemmi Gunn er svo vinsæll að hann hefði alveg getað haldið upp á fimmtugsafmælið sitt í Laugardalshöll – eins og Bubbi.

Æ – ÆR

Íslenska sauðkindin er falleg skepna.



Ö – ÖLÆÐI

Íslendingurinn vogar sér að gera grín að drykkjuvenjum Grænendinga en er litlu skárrí sjálfur. Alltaf of fullur.



Kultur men, BKR skór, 12.990.




GK Reykjavík, Sulern, 14.900.



Elvis, Vatnsstíg 3, 4.900.



Kultur men, Sulern, 9.990.



Kultur men, Diesel Stylelap, 17.990.

TAKIÐ AF YKKUR SKÓNA, HVAÐ ERTU AÐ BÓNA?

STRÁKAR ÞAÐ ER KOMINN TÍMI TIL AÐ ENDURSKOÐA SKÓSKÁPIÐ, NÚ ER KOMIÐ SUMAR OG NÚ ER TÍMINN. SIRKUS VILL AÐ SJÁLFSÖGÐU HALDA YKKUR Í FORMI HVAÐ VARÐAR ALLT Í LÍFINU OG AÐ ÞESSU SINNI ERU ÞAÐ SKÓRNIR. SIRKUS FÉKK SMÁ HJÁLP HJÁ ELVIS, KULTUR MEN OG GK SEM SÝNDU OKKUR ÞAÐ HEITASTA Í SKÓBRANSANUM. ÞIÐ ERUÐ EKKI MENN MEÐ MÖNNUM NEMA AÐ EIGA EITT AF ÞESSUM PÖRUM.



Elvis, Vatnsstíg 3, 4.900.



GK Reykjavík, Prima Base, 29.900.



Elvis, Vatnsstíg 3, 9.800.



Elvis, Vatnsstíg 3, 4.900.



GK Reykjavík, Sulern, 14.900.

ÞAÐ ER MARGT AÐ GERAST HJÁ KRÖKKUNUM Í HLJÓMSVEITINNI BENNY CRESPO'S GANG ÞESSA DAGANA. ÞAU ERU MEÐ PLÖTU Í SMÍÐUM OG Hafa NÓG FYRIR STAFNI Í TÓNLEIKAHALDI.

MEISTARASTYKKI Á LEIÐINNI

Sirkus náði tali af Magnúsi Öder í Benny Crespo's Gang, sem vildi ólmur segja frá tónleikum, sem sveitin heldur í kvöld, föstudagskvöld. „Við verðum að spila á Grand Rokk,“ segir Magnús kátur í bragði. „Með Ælu og The Gang, sem eru frá Brooklyn. Við erum einnig búin að vera að vinna að plötunni, við erum að vinna hana sjálf og þess vegna höfum við gefið okkur góðan tíma í þetta. Þetta verður flott rokk-plata með skemmtilegum hrokaðhrifum,“ segir hann og hlær.

SAMAN Í ÞRJÚ ÁR

„Við erum fjögur í bandinu; það er ég, Helgi Rúnar sem syngur, Bassi og Lovísa sem er líka Laylow. Við erum búin að spila saman í einhver þrjú ár og þetta er meistarastykki sem er á leiðinni, algjörlega. Við erum búin að vera að spila helling og fram undan er Lunga háttíðin sem er fyrir austan, listahátíð ungs fólks þar sem margir listamenn koma fram. Síðan er það bara Innipúkinn um Verslunarmannahelgina og Airwaves en annars erum við búin að vera frekar róleg undanfarið,“ segir Magnús Öder um fréttir af bandinu.

HRÓARSKELDA OG „LOCKOUT“

„Annars erum við Helgi að fara á Hróarskeldu í næstu viku þannig að það verður ekki gert mikið á meðan. Hróarskelda er náttúrulega þvítík stemning. Þannig að stefnan er tekin á „lockout“ í byrjun júlí, til að klára plötuna. Hún kemur út núna í haust og þá er að fylgja henni eftir. En núna eru það tónleikarnir á Grand Rokk og allir eiga að mæta,“ segir Magnús Öder hress og hvetur alla til að mæta.

Fyrir forvitna
myspace.com/bennycresposgang





SMUR-TILBOÐ 1 

Mótorhreinsun

STP Mótorhreinsun fyrir bæði bensín og díselvélar fylgir **FRÍTT** með smuri.



SMUR-TILBOÐ 2 

Bætiefni

STP bætiefni fylgir **FRÍTT** með smuri. STP bætiefni varnar ótímabæru sliti og viðheldur eiginleikum olíu.



SMUR-TILBOÐ 3 

Innspíttingarhreinsir

STP innspíttingarhreinsir fyrir bæði bensín og díselvélar fylgir **FRÍTT** með smuri.

-15% **SMUR-TILBOÐ 4** 

Vinna við smur

15% afsláttur af vinnu við smur á fólksbílum, litlum jeppum, stórum jeppum og sendibílum.

-25% **DEKKJA-TILBOÐ** 

25% afsláttur af fólksbíladekkjum, *low-profile* og sendibíladekkjum.



ÞVOTTA-TILBOÐ 

Tilboðsverð á alþrifi, djúpheinsun og teflon-bóni.

 Vaxtalausar léttgreiðslur

BÍLKÓ - Betri verð!

FYRSTU SKÓRNIR MÍNIR OG DRAUMAHJÓLÐ

Það er alltaf skemmtilegt að fá að hnýsast smávegis, hver veit hvaða gersemi við munum finna og sjá hverju sinni. Að þessu sinni fengu við að kíkja í kistuna hjá Helenu Jónsdóttur verslunarstjóra í Spúútník í Kringlunni. „Það er alltaf nóg að gera en ég er á leið í skóla í haust í sálfræði í Háskólanum,“ segir Helena tilvonandi nemi. „Ég bý núna niðri bæ með kærastanum mínum, honum Árna og við erum einmitt á leiðinni til Berlínar eftir smá. Við ætlum

að fara að ferðast aðeins um Ítalíu, Suður-Frakland og endum svo á Spáni,“ segir Helena að deyta úr spenning. „Næst á dagskrá hjá mér er að halda upp á afmælið mitt. Veislan verður núna á föstudaginn en ég er nýbúin að eiga afmæli, varð 23 ára. Þetta verður ekta karlapartý af því það verða grillaðar pulsar og drukinn bjór, ekkert hvítvínssull og pinnamat,“ segir Helena hotmama og skellir upp úr.

sigga@minnsirkus.is

„Þessa hvítu elsku varð ég að hafa með,“ segir Helena og hlær. „Þetta er Chanel-taska og hún er alveg rosalega falleg, hún er svo skemmtileg. Þetta er ýktur hlutur sem ég á, notuð og alveg ótrúlega flott. Ef þig langar að fara alla leið þá toppar hún dressið,“ segir Helena.



„Þennan keypti ég úti og hann er fullkominn,“ segir Helena dreymin. „Þetta er draumakjöllinn minn, draumaliturinn minn og ég verslaði hann á snilldarmarkaði. Hann er æðislega sumarlegur og liturinn fer mér svo vel. Mér finnst hann bara algjört æði,“ segir Helena hotmama kát.

„Þetta er Casio úrið mitt en þessi sending kom í Spúútník og ég lét strax taka frá fyrir mig,“ segir Helena um úrið. „Þegar ég ætla að koma að ná í það er sagt að þau séu öll búin. Ég sé að það er eitt í borðinu en þá er það frátekið og ég var alveg frek og brjáluð. En svo fékk ég það í jólagjöf því að Árni kærastinn minn var að vinna og hafði þá laumað því til hliðar,“ segir Helena að vonum ánægð með þetta uppátæki.

„Ég lét ljósmyndarann taka mynd af fallegustu skóm í heimi,“ segir Helena. „Þeir eru pínulitlir og úr rúskinni, þetta eru fyrstu skórnir mínir sem að pabbi minn keypti í útlöndum. Þeir eru ótrúlega fallegir og mér þykir alveg rosalega vænt um þá,“ segir Helena kát með skóna.



„Þessi sógleraugu fann ég í fyrria þegar ég fór út,“ segir Helena um sógleraugun góðu. „Ég fann þau á markaði og keypti þau af því það er svo erfitt að fá svona notuð og gömul gleraugu hér heima. Þau smellpössuðu og eru bara ótrúlega falleg,“ segir Helena.



KOMDU OG SKOÐAÐU Í KISTUNA MÍNA


„Þessum kjól féll ég algjörlega fyrir,“ segir Helena. „Ég sé hann inn á lager og gjörsamlega missti mig, mér finnst þetta svipa soldið til Vivienne Westwood. Hann er með þröngt mitti og með svona lífstykki. Hann er þúffaður og tekinn saman með þífum að neðan. Soldið svona viktoríustill yfir honum og þess vegna minnti hann mig eitthvað á Vivienne Westwood, það er samt ekki saga bak við hann nema að mér finnst hann ótrúlega fallegur,“ segir Helena og hlær.



„Þetta er uppáhaldið mitt og sérstaklega núna,“ segir Helena hotmama. „Ég var búin að fara í allar hjólabúðir á landinu til þess að leita að svona gömlu hjóli með kórflu og öllu tilheyrandi. Hvert sem ég fór fann ég aldrei akkúrat svona hjól með gömlu lúkki, það eru engar íslenskar hjólabúðir sem selja svona hjól. Nema hvað svo var kærastinn minn að labba á Hverfisgötunni og sér draumahjól mitt. Þetta er hjólabúð rétt hjá pool stofunni og ég var ekki lengi að festa kaupa á því, það er með kórflu og allt. Akkúrat það sem ég óskaði mér,“ segir Helena hotmama með vellíðunarglampanna í augunum.



„Þetta er nísti sem ég elska.“ Ég fór til London í fyrria með kærastanum mínum og sá þetta nísti þar, ég sá það í Covent Garden og er eitthvað að handfjatla það. Mér fannst það alveg ótrúlega fallegt og segi útundan mér, „fallegt“. Síðan fer ég heim viku á undan kærastanum mínum og svo kemur hann heim með það,“ segir Helena ánægð með karlinn.



Arthúr



EKKI LÁTA ÞÉR LEIÐAST...



Lost
Nú í vikunni var fyrsta þáttaröðin að koma út á DVD í 5.1 hljóðgæðum með fimm tímum af aukaefti, þar á meðal atriði úr fyrsta þættinum sem voru klippt út. Það er hægt að tapa sér allverulega í þessum Lost-pakka, sem telur heila sjö diska. Sirkus mælir sérstaklega með því að þeir sem sáu ekki þættina í sjónvarpinu kaupi sér pakkann og transi þættina ... alla ... í einni samfelldri bunu!

The Office
Ef þér leiðist eða einhver er leiðinlegur þá skaltu hysja þig upp á nærhaldinu og drulla þér út í sjoppu. Þú skalt leigja þér The Office og Sirkus lofar þér skemmtun sem seint mun gleymast. Kaldhæðinn breskur húmor eins og hann gerist bestur, þrátt fyrir að þú sért búin að sjá þættina alla skaltu bara gera það aftur. Hver vill ekki pissa á sig úr hlátri?

Oldboy
Ef þú ert í skapi fyrir erlenda ofbeldis- en um leið plottmynd dauðans skaltu ekki hika. Nú skaltu horfa og gefa óhefðbundinni mynd sjéns. Þessi mynd sýnir manni grimmdarleika mannsins og hefndarþorstan eins og hann gerist verstur. Þú sérð ekki eftir þessu.

My name is Earl
Sunnudagsæla með víninum Earl og bróður hans, þetta eru þættir sem kæta mann svo um munar. Minna mann á að vera ekki með neina óþarfa stæla eða leiðindi við nágrannann. Einnig kæta þeir mann nett þar sem Earl hefur lent í svo miklu og því getur maður hrósa happi fyrir að vera ekki hann. Earl er snilldarleikari sem enginn ætti að hata og fyrir utan að áður en hann fór út í að leika var hann þvilktilt kúl skeitari. Það gerist ekki betra.

Curb your Enthusiasm
Sirkus veit að þú þarft að gefa þessum þáttum smá sjéns en það er satt sem þeir segja. Einu sinni smakkað og þú getur ekki hætt. Þættirnir virka eðlilegir en eru það svo sannarlega ekki, þetta eru sömu framleiðendur og gerðu Seinfeld. Snýst alveg út í gegn um hinn pínlega hversdagsleika.

Derailed
Þessi ræma leynir svo sannarlega á sér og höfðar til beggja kynja. Stelpurnar fíla auðvitað að fylgjast með Jennifer Aniston og Clive Owen á meðan byssurnar og barsmiðarnar höfða kannski meira til strákanna. En allavega, myndin er þræflin með góðu plotti sem leysist ekki fyrr en á lokamínútnni.

REIMT

ALVÖRU HAMBORGARI



Ruby
Tuesday

BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

HÖFÐABAKKA 9 & SKIPHOLTI 19

MAGNADASTA NÓTT ÁRSINS

NÚNA LAUGARDAGINN 24. JÚNÍ ER HIN EINA SANNA JÓNSMESSUNÓTT OG ÞVÍ ÁGÆTIS TIL-
EFNI TIL AÐ FAGNA. HVORT SEM ÞAÐ ER GERT MEÐ BRENNU, DANSI EÐA AÐ VELTA SÉR UPP
ÚR DÖGGINI. HVERNIG KOM ÞESSI NÓTT TIL OG HVERS VEGNA ÞESSAR ATHAFNIR? ÞAÐ ER
EITTHVAÐ SEM SIRKUS VILDI GRENNSLAST FYRIR UM.



SUNGIÐ VIÐ VARÐELDINN
Á JÓNSMESSUNÓTT

Jónsmessunótt er æði merkileg og eiga hinir ýmsu atburðir sér oft stað á henni. Hún er ein magnaðasta nótt ársins þar sem náttúrufrú og yfirnáttúrulegar verur koma við sögu. Dagsetningu Jónsmessu má rekja til ákvörðunar Rómarkirkjunnar að haldið skyldi upp á fæðingardaga Jesú Krists og Jóhannesar skírara á fornum sólstöðuhátíðum, á stysta og lengsta degi ársins á norðurhveli jarðar. Því passaði það fullkomlega að fæðing Jóhannesar skyldi tímasett þegar sólargangur væri sem lengstur.

ER JÓNSMESSA Á LENGSTA DEGI ÁRSINS?

Rómverjar héldu upp á 24. júní sem lengsta dag ársins en menn gerðu sér þá ekki grein fyrir því að sumarsólvörð höfðu færst fram um þrjá daga miðað við stjarnfræðilegar sólstöður. Jónsmessu ber því ekki upp á lengsta degi ársins fremur en jólin á stysta degi ársins. Líkt og í leikritinu Draumur á Jónsmessunótt tíðkast á þessum degi svallveislur miklar, brennur og dansleikir sem



JÓNSMESSUGLEÐI ER OFT SVALLVEISLA MIKIL



„Það verður farið í sumarbústað í Heiðmörk, við erum um 30 manns,“ segir Margrét formaður Norska félagsins á Íslandi. „Það verður boðið upp á norskan mat og sungið og dansað. Síðan að sjálf-söguðu verður næturganga um svæðið,“ segir Margrét að vonum spennit yfir nóttinni miklu.

„Það verður haldið upp á Jónsmessu á föstudaginn,“ segir María, formaður Sænska félagsins á Íslandi. „Það er hittingur hjá Norræna húsinu klukkan fimm og þar verður Jónsmessustöngin skreytt. Síðan verður farið í göngu, fengið sér sil og rjómaköku. Það verður bara hefðbundin Jónsmessugleði svo ég mæli með því að þeir sem hafa áhuga skrái sig á maria@btrnet.is.“

gjarnan tengjast ýmsum yfirnáttúrulegum verum, nornum og djöflum. Þrátt fyrir viðleitni kirkjunnar manna er enn haldið upp á Jónsmessu með brennum, dansi og drykkju.

MEÐ MÖGNUMDUSTU NÓTTUM ÁRSINS

Jónsmessunótt þykir þó enn með mögnumdustu nóttum ársins en þá yfirleitt tengd náttúrufrú ýmis konar. Eitt af því sem magnast upp og öðlast sérstakan lækningamátt á Jónsmessunóttinni er dögginn. Jónsmessunæturdögginn á að vera heilnæm, hvort sem fólk veltir sér upp úr henni nakið eða lætur sér nægja að ganga í henni berfætt. Geri menn það batna þeim allir sjúkdómar og þeim



VANDA SKAL VALIÐ

Það er alltaf gaman að punta sig og gera sig finan en útkoman er oft misjöfn. Það ber að hafa í huga að fá sér smá aðstoð þegar kemur að því að versla sér varalit við sitt hæfi. Þeir litir sem fara einni vel fara annarri hríkalega, litir geta verið heitir og kaldir, áberandi, mjúkir, glansandi og mattir. Við skulum vanda valið í stað þess að hoppa beint út í djúpu laugina.



FLJÓTANDI GLOSS KOMA Í MÖRGUM LITUM. ÞAÐ GEFUR VÖRUNUM FRALLEGAN GLANS, ER FRÁBÆRT YFIR VARALITI OG GERIR ÞÁ BJARTARI.



VARALITIR FRÁ RIFKU ERU Í MÖRGUM GLÆSILEGUM LITUM, RAKAGEFANDI OG HALDAST SÉRLEGA VEL Á. VARABLYANTUR HENTAR VEL TIL AÐ MÓTA VARIRNAR.



Á AÐ VELTA SÉR UPP ÚR DÖGGINI? Verður ekki misdægurt næsta árið á eftir.

sigga@minnsirkus.is

EIVØR Á SUMMAR KONSERTFERÐ

Í gjárkvöldið byrjaði Eivør sína summars koncertferð, ið fyrst og fremst verður kring Danmark, men eisini vitjar G! Festivalin og North Sea Jazzfestival í Hollandi.

Konsertferðin hjá Eivør byrjaði við konsert í Vanløse Medborgerhus í gjárkvöldið, og sambært heimildarmanni okkara var konsertin fantastisk. Edmun Jacobsen, ið var millum áskoðararnar, sigur við planet.fo: iKonsertin við Eivør var framúr góð, vit sótu fleiri feroyingar við vátum eygum undir fleiri lögum. Eg havi sjáldan sæð Eivør í so góðum hýri, stuttlig og við alsamt betri sjálvsálitid. Hon er ein sonn stjarna.í

Konsertin var sum á

seinastu konsertferðini í Danmark fullkomiliga útseld. M.a. var fitt av íslendingum til staðar.

Næsta konsertin er somuleiðis útseld, hon er nevnliga 30. juni á Roskilde Festivalinum, ið hefur selt øll 75.000 atgongumerkini. Síðan gongur leiðin hesi stöð:

- 1. juli Tunøfestival í Danmark
- 8. juli Norbykro á Samsø í Danmark
- 10. juli Copenhagen Jazzfestival, Havnescenen við Islandsbrygge í Keypmannahavn í Danmark
- 14. juli Nort Sea Jazzfestival í Hollandi, henda konsert er saman við DRís Bigband
- 21. juli G! Festivalurin í Gøtu í Føroyum
- 25. august Tønderfestivalurin í Tønder í Danmark



KONSERTIN VAR SUM Á SEINASTU KONSERTFERÐINI Í DANMARK FULLKOMILIGA ÚTSELÐ.

FÆREYSKA FRÉTTIN



12



ELD *Smidjan*

STOFNAÐ 1986

Líklegast bestu pizzur heims!

BRAGAGÖTU 38A - 101 REYKJAVÍK - SÍMI (TEL.) 562 • 38 • 38
www.eldsmidjan.is - Heimsending sími 562 38 38



HVERT ÁTTU AÐ FARA Í SUMARFERI?

1. Fullkomin skemmtun í fríinu er...

- a) Góð kvölddagskrá á hótelinu þar sem krakkarnir eru látnir syngja og pabbarnir dansa.
- b) Gítar, lopapeysa og góður peli sem hægt er að láta ganga á milli.
- c) Góður djass við ána með rauðvín í glasi.
- d) E-pillu diskó með slagsmálum og kynlífi innan dyra.



2. Í fríinu vil ég skoða...

- a) Alls konar kanarífugla og gular strendur.
- b) Dettifoss, hvannir Skjaldbreiðar og Ármannsfellið fagurgrænt.
- c) Hallir gömlu meistaranna og ævaformar kirkjur.
- d) Ekki neitt – nema kannski flotta/r kellingar/kalla.



3. Veðrið verður að vera...

- a) Sól alla daga og í það minnsta 28 stiga hiti.
- b) Gildir einu svo lengi sem tjaldíð haldi veðrinu og fjúki ekki upp.
- c) Hiti og rakt loft. Smá andvari sem leikur um mann á útikaffihúsunum.
- d) Skítsama. Verð hvort eð er sofandi inni á hóteli yfir daginn. Bara enga helvítis rigningu.



4. Verðlagið þarf að vera...

- a) Ekki of hátt. Því lægra því betra.
- b) Verð aðallega með nesti og mun því ekki fjárfesta í miklu í ferðinni.
- c) Rauðvínið má auðvitað ekki vera of dýrt – annars skipta gæðin meira máli.
- d) Bjórinn má ekki kosta neitt enda mun ég kaupa mikið af honum.




5. Ég kæmi heim með minjagrip sem væri...

- a) Bongótromma sem ég keypti þegar við sigldum yfir til Afríku.
- b) Sjaldgæfur steinn sem ég fann í fjalli.
- c) Mjög líklega ljósmyndabók með myndum af kirkjum gömlu meistaranna.
- d) Rambókuti sem ég keypti á svörtum.



6. Ég fer fyrst og fremst í frí til þess að...

- a) Hlaða batterið og fá lit á ströndinni.
- b) Skoða náttúruna og fá orku úr ferska loftinu.
- c) Komast burt og kynnst alvöru menningu.
- d) Drekkja og ríða.



7. Hvernig fólk viltu hitta í fríinu?

- a) Rölyndis fjölskyldufólk sem er ekki með mikil læti.
- b) Náttúruunnendur sem elska að sofa í tjaldi.
- c) Safnverði og presta.
- d) Horni líð sem kann að djamma.



8. Maturinn þarf að vera...

- a) Hæfilega ódýr og eðlilegur. Ekki of framandi.
- b) Samlokurnar sem ég smyr klikka aldrei.
- c) Vandaður og fágaður. Ég vil steikina mína meyra og rare.
- d) Þarf engan helvítis mat. Verð saddur af björnum.



9. Hótelíð þarf að vera...

- a) Snyrtilegt og með góða kvölddagskrá. Ströndin má ekki vera langt undan.
- b) Létt, fyrirferðarlítið og auðvelt að tjalda því og taka það saman.
- c) Fjögurra stjörnu, helst fimm og á fallegum stað.
- d) Með rúmi sem hægt er að ríða í.



- a) Maður verður að geta bjargað sér með enskunn.
- b) Fuglasöngur og tófugagæg er eina tungumálið sem ég vil heyra.
- c) Franska eða ítalska eru prima.
- d) Ég er ekki að fara til útlanda til þess að tala.

10. Tungumálið á staðnum þarf að vera...

- a) Maður verður að geta bjargað sér með enskunn.
- b) Fuglasöngur og tófugagæg er eina



GÁSKAFULL OG KASJÚAL

Þegar hringt er í talhólf Nínu Daggar Filippusdóttur leikkonu, heyrst djúp rödd Gísla Arnar Garðarssonar, leikara og eiginmanns Nínu:

„Halló þetta er... *skruðningar*... (síðan tekur Nína símann í hláturskasti) Nei!... Hæ, þetta er Nína. Ég er ekki við. Bæ.“

Þegar Nína las símsvarakveðju sína inn hefur hún haft heimspeki bandaríska rithöfundarins, Erics Hoffer, að leiðarljósi: „Það er barnið í mannskepnunni sem er uppspretta sérstöðu hennar og sköpunargáfu. Leikvöllurinn er hið fullkomna landslag til þess að opinbera þessa krafta mannsins.“

Kveðjan er afar afslöppuð og gáskafull. Hún leyfir þeim sem hringir að skyggast örstutt inn í líf tveggja elskenda. Ef Júlía hans Shakespears hefði verið að lesa inn á talhólf sitt við upphaf 21. aldar hefði Rómeó líklegast gripið símann til þess að stríða sinni heitelskuðu.

Þessi kveðja er það góð að það væri næstum því synd ef Nína Dögg nær að svara í símann í tæka tíð.

★★★★☆

TALHÓLF FRAGA FÓLKINS...



THE RAVEONETTES VORU Í FYRRA

INNIPÚKI EÐA ÚTIPOKI?

Sirkus hefur alltaf verið skipulagður og vill helst að sem flestir leiki þann leik eftir. Að þessu sinni erum við að minna mannskapinn á að það styttest í Verslunarmannahelgina sem þýðir að það fer að koma að Innipúkum. Miðasala hefst 29. júní sem þýðir næsta fimmtudag og sama dag verður dagskráin kynnt. Þetta verða um 23 tónlistaratriði og þar af 5 erlend. Í fyrra fengu tónleikarnir fráberar viðtökur og dóma, fjöldi tónleikagesta á Innipúkum var í kringum 700 manns. Innipúkinn verður haldinn að þessu sinni á Nasa og er hægt að kaupa miða á midi.is og í verslunum Skífunnar og í vel völdum verslunum BT. Góða skemmtun innipúkarnir minir og ekki gleyma að vera fyrirhyggjúsöm, hún margborgar sig.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

KJÖRIÐ FYRIR BÍÓFÍKLA

Einn af fjölmörgum kostum við Netid er möguleikinn að fylgjast vel með þeim kvikmyndum sem eru á leiðinni og horfa á sýnishornin úr þeim. Jú, það eru til íslenskar síður sem eru með treilera, t.d. kvikmyndir.is, en ein af þeim þægilegustu er apple.com/trailers/. Þar er safnað saman svona ca. 150 nýjustu og heitustu sýnishornum frá stóru Hollívúddverunum fyrir alla til að tékka á. Meðal heitustu treileranna þessa dagana eru auðvitað Superman Returns, Miami Vice og Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest. Ghost Rider með Nicholas Cage er líka ágætur.

Nýjasta upptækid er síðan að útbúa dagbók á tökuastað til að auka enn á spenninginn. Þannig settist Jack Black til dæmis fyrir framan myndavél flesta daga þegar hann var að taka Nacho Libre og gerði eitthvað fyndið fyrir aðdáendur út um allan heim.




ÞAÐ ER EKKERT MÁL AÐ HORFA AFTUR OG AFTUR Á GÓÐA TREILERA.

SIRKUSTVÍFARAR



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON, FYRSTI MILLJARDAMERINGUR ÍSLANDS.



DENIS LEARY, LEIKARI OG GRÍNISTI.

Tvífarar vikunnar koma að þessu sinni úr sitt hvoru þrepinu í þjóðfélagsstiganum. Leikarinn og grínistinn Denis Leary er sonur írskra innflytjenda og er hann þekktur fyrir ruddalegan og verkalýðslegan húmor, ólíkt íslenska tvífarara hans, Björgólfi Thor, sem er sjéntilmaður í hvern stað. Þeir eiga það þó sameiginlegt að vera báðir „self-made“ og láta mótbyrinn aldrei á sig fá. Það sem tengir þá örjúfandi böndum er einnig saklaus og drengjalegi glampinn í augnum sem fær konur til að kikna í hjánum.



HVAR ER ÞITT EGO?



EGO

Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

www.ego.is



SAMLESTUR VAR Í FULLUM GANGI ÞEGAR SIRKUS KÍKTI Á ASTRÓPIUGENGIÐ.



ÞAÐ VAR HAMANGANGUR Í ÖSKJUNNI ÞEGAR HALDNAR VORU LEIKPRUFUR FYRIR MYNDINA Í NEXUS Í APRÍL.



AÐALLEIKARARNIR RAGNHILDUR STEINUNN OG SNORRI ERU SAMSTÍGA FYRIR TÖKURNAR, ENDA HAFU ÞAU MEÐAL ANNARS VERIÐ DUGLEG AÐ ÆFA TANGÓ SÍÐUSTU DAGA.



HASAR, GRÍN OG HLUTVEIÐ GELLUR & NÖRÐ Í ASTRÓPIU

„Við erum búin að safna saman í stóran og góðan hóp. Um 60 manns vinna að myndinni að jafnaði en þegar við tökum bardagasenuarnar förum við upp í svona hundrað manns,“ segir Gunnar Björn Guðmundsson, leikstjóri kvikmyndarinnar Astrópiu.

Nú í byrjun júlí hefjast tökurnar á myndinni og standa þær yfir fram í miðjan ágúst. Á ýmsu á eftir að ganga, sérstaklega í ljósi þess að hluti myndarinnar gerist í ævintýraheimi hlutverkaspila, roleplay, þar sem söguhetjurnar bregða sér í gervi ofurhetja með sverð og tilheyrandi.

GELLAN OG NÖRDINN

„Í hlutverkaleiknum gerist mikið ævintýri. Stórir bardagar, skrímsli og þess háttar. Við verðum með brellummeistara, bardagamenn og íslensk náttúra mun njóta sín á skemmtilegan hátt. Þetta fjallar um nörða sem breytast í ofurhetjur og þegar það gerist verður allt vitlaust. Þetta verða einhverjar epískar bardagasenuar sem taka engan enda,“ segir Gunnar og hlær. Astrópiá er fyrsta mynd hans í fullri lengd en hann hefur meðal annars gert stuttmyndina Karamellumyndina – og hlaut Eddu fyrir. Leikarar og aðstandendur myndarinnar hafa

síðustu daga verið á fullu við undirbúning og æfingar. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir leikur aðalhlutverkið, Hildi sem fær vinnu í búð álfri myndasögu- og spilabúðinni Nexus þegar hún neyðist til að gefa gellulíf-ernið upp á bátinn og fara að vinna. Hún kynnist síðan hlutverkaleik í búðinni og fer að spila með nördunum. Gellan og nördinn – klassískt þema í anda sjónvarpsþáttanna Beauty and the Geek.

RAGNHILDUR KANN AÐ SLÁST

„Ég er byrjaður að messa yfir Ragnhildi, dag og nótt. Hún þarf reyndar ekki mikið, er svo góð. Við erum á bardaga-, dans- og leikæfingum og ég komst að því að hún getur sko slegist með sverði. Svo þarf hún líka að vera flink á hestbaki og margt fleira. En þetta gengur alveg frábærlega,“ segir Gunnar en Ragnhildur Steinunn hefur áður spreytt sig í leiklistinni með góðum



KYNNINGARPLAK FYRIR MYNDINA Í NEXUS MEÐ GUCCI-SVERI



HÓPURINN ER SAMSTILLTUR OG SKEMMTIR SÉR KONUNGLEGA Á ÆFINGUM.



LEIKARARNIR ERU STRAX BYRJADIR AÐ MUNDA SVERÐIN OG UNDIRBÚA SIG FYRIR ÁTÖK.



ÓMAR ÖRN HAUSSON Á VEL HEIMA Í MYNDINNI, ENDA ANNÁLADUR MYNDASÖGUNÖRD.

FRAKKALEIKIR HAFNARFJARÐAR RDARNIR

AF ÞEIM ÍSLENSKU MYNDUM SEM ERU AÐ FARA Í TÖKUR Á NÆSTU MÁNUÐUM VERÐUR AÐ VIÐURKENNAST AÐ ASTRÓPÍA ER EINNA GIRNILEGST. SÖGUPRÁÐURINN ER FERSKUR OG MIKILL HUGUR Í LEIKURUM OG AÐSTANDENDUM.



ÓMAR EINBEITTUR.



SNORRI OG RAGNHILDUR, EÐA DAGUR OG HILDUR.

Leikstjóri: Gunnar B. Guðmundsson.
Aðalhlutverk: Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Snorri Engilbertsson.
Handrit: Ottó Geir Borg og Ævar Grímsson.
Framleiðandi: Íslenska kvikmyndafélagið; Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson.
Leikmynd: Stígur Steinþórsson.
Myndataka: Bergsteinn Björgólfsson.
Búningar: Helga Rós V. Hannam.
Förðun og gervi: Stefán Jörgen og Ásta Hafþórs.
Aðstoðarleikstjóri: Alexía Björg Jóhannesdóttir.
Kostnaður: Rúmar 100 milljónir króna.



SEM GERT VAR DR. KVENHETJAN

árangri, meðal annars í Fame og Kalla á þakinu.

Hitt aðalhlutverkið, ástarsögubýðandinn, hlutverkaleikarinn og tangókennarinn Dagur sem hangir í búðinni hjá Hildi, er í höndum Snorra Engilbertssonar. Snorri hefur unnið með Gunnari í hinum og þessum leiksýningum en hann lauk nýverið leiklistarnámi hjá hinum virta kennara Phillipe Gauliere í Frakklandi. Snorri vakti einnig athygli sem útsjónarsamur gæi sem fékk sér hund í Mitt kort auglýsingum Landsbankans í fyrra.

HASAR Á HAFNARFJARÐARGÖTUM

Áhugasamir geta leitað eftir Astróþíugenginu á götum Hafnarfjarðar í júlí. Gunnar og félagar eru Hafnfirðingar og kom því ekkert annað til greina en að taka eins mikið og hægt er þar. „Við viljum halda þessu heima í bíobænum. Ég þekki alla góðu staðina í Hafnarfirði sem hafa

ekki verið notaðir. Það gerir þetta bíólegra þegar fólk kannast ekki við hvert horn,“ útskýrir Gunnar.


Upp á síðkastið hafa Astróþíumenn rútað um Fjörðinn í leit að góðum stöðum. Þeir ákváðu meðal annars að hafa bílaeltingleiki á þröngum götum Hafnarfjarðar. „Auðvitað er bílaeltingleikur. Þetta er hasargrínævintýri. Það er rosaleg stemning fyrir myndinni og við fáum alls staðar góðar viðtökur. Enda hafa ekki margar svona myndir verið gerðar. Mér dettur helst í hug Sódóma.“

100% ÍSLENSK

Framleiðendur myndarinnar, Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp, fóru á kvikmyndahátíðina í Cannes á dögunum þar sem þeir kynntu hana fyrir hugsanlegum dreifingaradílum og fjárfestum. Þó er myndin algjörlega hugsuð fyrir heima-markaðinn, sem ævintýramynd fyrir Íslendinga.

Eins og áður segir standa tökurlingarnir fram í miðjan ágúst og þá verður farið beint inn í klippihöfud. Þar eiga hlutirnir að ganga fljótt fyrir sig og myndin að vera komin í bíó um jólin. Þangað til verðum við bara að biða spennu.

tinni@minnsirkus.is



ÞAÐ FÓR EKKI Á MILLI MÁLA AÐ MARGA LANGAÐI AÐ VERA MEÐ Í LEIKPRUFUNNI.

STEED LORD LOFAR GÓÐU

Ein af þeim grúppum sem vert er að fylgjast með næstu misseri er Steed Lord. Nú í vikunni flaug manna á milli í tölvupóstum nýtt lag með Steed Lord, sem heitir Dirty Mutha. Þrjár skipa hljómsveitina, M.E.G.A og DEMO, sem sjá um taktasmiði og útsetningar, og söngkonan KALI. Á bak við þessi nöfn eru önnur og þekktari. Svala Björgvinsdóttir er KALI, enda fer það ekki á milli mála þegar hún tekur flugið í diskósmellunum með „crunk“-töktunum. M.E.G.A. og DEMO eru síðan bræðurnir Einar og Elli Egilssynir. Einar er kærasti Svölu og samstarfsmaður í plötusúðadúettinum Suzy & Elvis. Sem sagt, þau eru Steed Lord. Tékkíð á heimasíðunni: myspace.com/steedlord, þar sem hægt er að hlusta á nokkur lög.

STEED LORD SENDI FRÁ SÉR LAG Í VIKUNNI.



EINAR OG SVALA ERU TVEIR ÞRIÐJU STEED LORD.



BEYONCÉ GERIR B-DAGINN

Hin íturvaxna og hæfileikarika Beyoncé er tilbúin með sína næstu sólóplötu. Hún á að heita B-Day og kemur út 5. september. Platan er meðal annars tekin upp með The Neptunes og unnustanum Jay-Z, en Beyoncé semur öll lögin á henni sjálf. Fyrsta smáskífulagið heitir Déja Vu. Síðasta Beyoncé-plata, Dangerously In Love náði miklum vinsældum ekki sist fyrir ofursmellinn Crazy In Love.

BEYONCÉ KNOWLES GEFUR ÚT B-DAY Í SEPTEMBER.



PLÖTUDÓMAR



Þögn er önnur sólóplata Láru Rúnarsdóttur, en sú fyrri Standing Still kom út fyrir tveimur árum. Öll lögin á nýju plötunni eru samin af Láru, en hún útsetur þau í samvinnu við Børk og Daða Birgissyni. Maður heyrði glögg á fyrri plötunni að þarna var efnileg söngkona og lagahöfundur á ferð. Þögn er stórt skref fram á við. Lagasmiðarnar eru sterkari og útsetningar þeirra Jagúarbræðra, sem minna stundum á sveitir eins og Zero 7 eða Portishead gefa tónlistinni þá aukadýpt sem gerir fint lag að frábæru lagi. Aðdændur Emiliönu Torrini ættu að ná sér í eintak.

LÁRA RÚNARSDÓTTIR ÞÖGN

★★★★



Bandaríska söngkonan Norah Jones er einn af vinsælustu tónlistarmönnum síðustu ára. The Little Willies er fyrsta plata samnefndrar kántríseitar sem er hlíðarverkefni sem hún heldur úti ásamt eiginmanninum og bassaleikaranum Lee Alexander og nokkrum vinum þeirra frá New York. Hér eru fjögur frumsamin lög og níu tókulög eftir listamenn á borð við Hank Williams, Townes Van Zandt og Willie Nelson. Þetta er nú ekkert stórvirk, en hún er mjög vel gerð og rennur ljúflega í gegn.

NORAH JONES THE LITTLE WILLIES

★★★



Útgáfur með tónlist Johnnys Cash streyma á markaðinn eftir fráfall hans. Personal File er tvöföld plata sem inniheldur 49 áður óútgefnar upptökur sem Johnny gerði einn með kassagítarinn á árunum 1973 til 1982. Þessar upptökur fundust í pappakassa merktum Personal File þegar sonur hans John Carter Cash var að fara í gegnum dót í hljóðveri karlsins. Hér eru gömul þjóðlög, lög með trúarlegum textum og fleira. Miðað við það að þetta eru upptökur sem ekki stóð til að gefa út er þetta ótrúlega sterkt safn. Ritgerð eftir Greil Marcus sem fylgir með í plötubæklingnum eykur enn á gildi plötunnar fyrir harða Johnny Cash-aðdændur.

JOHNNY CASH PERSONAL FILE

★★★★



Trausti Júlíusson

EINN ÓVÆNTASTI NÝLIÐINN Í POPPHEIMINUM ÞESSA DAGANA ER MATISYAHU, STRANGTRÚAÐUR HASÍDAGYÐINGUR FRÁ NEW YORK. HANN HEFUR VAKIÐ ATHYGLI FYRIR TÓNLISTINA SEM ER SAMBLAND AF REGGÍ OG HIPHOPI MEÐ TRÚARLEGUM TEXTUM, EN LÍKA FYRIR ÚTLITIÐ, EN HANN ER AÐ SJÁLFSÓGÐU ALLTAF KLÆDDUR Í HEFÐBUNDINN HASÍDAKLÆDNAÐ OG LÆTUR SKEGGIÐ VAXA VILLT.



Í HASÍDAKLÆDNAÐI ÞAÐ ER SPURNING HVORT VINSÆLDIR MATISYAHU EIGA EFTIR AÐ KOMA AF STAÐ NÝRRI FATATÍSKUBYLGI.

FYRSTA STRANGTRÚAÐA GYÐINGARAPPSTJARNAN

„Hasídatrúin hefur eflaust hjálpað mér á tvennan hátt,“ segir hinn 26 ára gamli Matisyahu í nýlegu viðtali. „Annars vegar vekur útlitið mikla athygli og hjálpar til við að auglýsa mig, en hins vegar er það hasídatrúin sjálf. Ég trúi því að ég hafi gefið mig Guði. Ég sagði honum að ef hann vildi ekki að ég væri að búa til tónlist þá myndi ég ekki búa til tónlist. Ég sagði honum að ég myndi gera hvað það sem hann vildi að ég gerði. Og svo fór allt að gerast hjá mér í tónlistinni. Ég held að mér gengi ekki vel án Guðs.“

ÞRIÐJA PLATAN

Hvort sem það er Guði að þakka eða ekki þá hefur Matisyahu vakið mikla athygli undanfarið. Hans þriðja plata, Youth, kom út fyrir nokkrum vikum. Eins og fyrri plöturnar hefur hún að geyma áhugavert sambland af reggí og hiphopi með áhrifum frá tónlistarhefð hasídagýðinga, en hasídatrúin á uppruna sinn að rekja til Póllands á 19. öld.

FÓR BEINT Í 4. SÆTI BILLBOARD-LISTANS.

Matisyahu heitir réttu nafni Matthew Miller. Hann fæddist 30. júní 1979 í West Chester í Pennsylvaníu, en ólst upp í White Plains í New York-fylki. Foreldrar hans ólu hann upp í gyðingatrú. Hann streitist á móti í fyrstu, en fékk uppljómun í skólaferðalagi 14 ára gamall og tók trúna.

Stuttu síðar fór hann til Ísrael. Hann fékk mikinn áhuga á reggí og hiphop-tónlist þegar hann var í menntaskóla og byrjaði að koma fram á rímnaflæðikvöldum. Hann gekk til liðs við Carlebach Shul-regluna þegar hann var 19 ára. Þá gerðist hann hasídagýðingur og tók upp nafnið Matisyahu. Hann hélt áfram að troða upp og stofnaði hljómsveit. Hann gerði sína fyrstu plötu Shake Off the Dust ... Arise með



VINSÆLLI EN MARGUR HELDUR MATISYAHU FLAUG BEINT Í FJÓRÐA SÆTI BANDARÍSKA BILLBOARD-LISTANS.

henni, en hún kom út hjá JDub-útgáfunni árið 2004. Ári seinna kom tónleikaplatan Live at Stubb's sem þótti afbragð og nú fyrir skömmu kom svo þriðja platan, Youth, en hún er gefin út af Sony-útgáfurisanum og dreift út um allan heim. Hún fór beint í fjórða sæti bandaríska Billboard-listans.

TEKIN UPP UNDIR STJÓRN BILLS LASWELL.

Youth var tekin upp undir stjórn hins fræga dub-upptökustjóra Bills Laswell. Hún hefur að geyma 13 lög. Textarnir eru allir eftir Matisyahu, en tónlistin er samin af hljómsveitinni allri. Fyrsta smáskífulagið af henni heitir King Without a Crown, en það lag var einmitt líka á Live at Stubb's og er hreint frábært lag.

Eins og áður segir eru textar Matisyahu trúarlegs eðlis. Þetta eru samt ekki einhverjir herskár baráttutextar sem hafa það að markmiði að frelsa hlustandann til réttu trúarinnar. Matisyahu er meira í því að boða frið og einingu. Hann



TRÚARLEGIR TEXTAR MATISYAHU REYNIR EKKI AÐ FRELSA HLUSTENDUR HELDUR BOÐAR FRIÐ OG EINGU.

segir að markmið sitt sé að bæta heiminn með því að koma tónlist sinni til fólksins, án þess að hans eigið egó eða veraldlegar langanir hafi áhrif á þau boðskipti. „Það er markmiðið,“ segir hann, „ég segi ekki að ég sé búinn að ná því ennþá, en það er það sem ég stefni að.“

NÚ Í VIKUNNI KOM ÚT SAFNPLATAN FJÖLSKYLDUALBÚM TILRAUNAELDÚSSINS ÞAR SEM MARGIR UNGIR OG FRAMSÆKNIR ÍSLENSKIR TÓNLISTARMENN FARA Á KOSTUM. SIRKUS RÆDDI VIÐ KIRU KIRU, EINN FORSPRAKKA ELDÚSSINS, UM TILURÐ PLÖTUNNAR.

Nú í vikunni kom út einkar glæsileg plata á vegum Tilraunaeldhússins. Hún heitir Fjölskyldualbúm Tilraunaeldhússins og er þar vísað til þess að allir þeir sem eiga lög á plötunni hafa tengst starfsemi eldhússins í gegnum bæði tónlistina og vinabönd. Langflest laganna voru samin sérstaklega fyrir Fjölskyldualbúmið og sumir listamannanna eru hér að gefa út hugsmíðar sínar í fyrsta sinn, meðal annars Frakkur og illi vill, sem er betur þekktur sem Gunnar Tynes í múm.

LÖGIN EINS OG ELDSPÝTUR

„Platan kom meira að segja út í Japan núna á 17. júní,“ segir Kristín Björk Kristjánsdóttir, Kira Kira, einn af forsprökkum Tilraunaeldhússins. Hún er viss um að meira að segja Japanir eigi eftir að taka vel í gripinn og hann seljist í truckförmum þar út. „Enda hannaði ég eldspýtnabréf til að kynna hana fyrir útgáfufyrirtækinu í Japan. Platan er nefninlega eins. Hvert lag er eins og eldspýta sem kveikir í manni,“ segir Kristín spösk.

Þessi skrautlega safnplata hefur verið í pípunum í býsna langan tíma. Hugmyndin kviknaði á fimm ára afmælishátíð Tilraunaeldhússins fyrir um tveimur árum síðan. Þá trommuðu hinir og þessir upp með afmælisgjafir í formi tónlistar eða gjörninga. Þarna kom Benni Hemm Hemm meðal annars fyrst fram með ofursveit sinni, Trabant hjó til tímamóta hljóðinnsetningu og Sigríði Nielsdóttur voru veitt heiðursverðlaun.

MYND AF MYND

Það er því nokkur nostalgía n d i s e m



FJÖLSKYLDUALBÚM TILRAUNAELDÚSSINS

1. Reprensitive Man : mic dictator of love anthem
2. Borkó : Shoo ba ba.
3. Mugison : Mugji wants to be Mum.
4. Benni Hemm Hemm : GítStemm.
5. Amiina : Hemipode.
6. Slowblow : Frankis Theme.
7. illi vill : Ég sé í hljóðum.
8. Sigríður Nielsdóttir : Ástarjátning.
9. Frakkur : ammælisstrákur.
10. Hilmar Jenson & Skúli Sverrisson : Einvegis.
11. Paul Lydon : Upptalning.
12. múm : Asleep in a hiding place.
13. Jóhann Jóhannsson : Beginning and end.
14. Kippi Kaninus : Purer, softer, deader?
15. DJ Musician : Your Favorite DJ.
16. Stilluppsteypa : Demon Jukebox.
17. Auxpan : Ugly.
18. Apparat Organ Quartet : Stylophonia.
19. Músikvatur : Theme for Reynimelur 92.
20. Kira Kira : Hjartafanturinn skjáfar.
21. The Kitchen Motors Family : Kitchen Motors anthem.



NÓG AÐ GERA HUÁ LOFTINU

Það er nóg að gera hjá þeim Jean-Benoit Dunckel og Nicolas Godin sem skipa franska dúóð Air. Jean-Benoit sendir frá sér sína fyrstu sólóplötu, Darkel, í haust og svo kemur líka platan sem þeir gerðu með frönsku söngkonunni Charlotte Gainsbourg (dóttur Serges) út seinna á árinu. Þessa dagana eru þeir svo í hljóðveri með upptökustjóranum Nigel Godrich að klára fjórðu Air-plötuna sem kemur út í janúar. Hún er sögð vera undir áhrifum frá japanskri tónlist, en á meðal gestasöngvara verður Jarvis Cocker.



SVALIR FRAKKAR SEM VINNA NÚ AÐ PLÖTU MEÐ CHARLOTTE GAINSBORG, FJÓRÐU AIR-PLÖTUNNI OG SÓLÓPLÖTU.

svífur yfir vötnum á Fjölskyldualbúminu. Hann endurspeglast einnig í myndinni á umslaginu, sem var tekin á tónleikaferð í St. Pétursborg í Rússlandi fyrir um sex árum, þegar hópurinn var að byrja að bauka og bralla.

„Þetta var fyrsta tónleikaferð Tilraunaeldhússins. Þá fórum við til Finnlands og Pétursborgar; múm, Big Band Brútal, Apparat og Borko. Í Pétursborg spiluðum við á klúbbnum Moloko ásamt fullt af finnskum og rússneskum böndum. Eigandi klúbbsins, Serge, hann tók þessa mynd fyrir utan. Hann á hjólið sem ég er á. Hann tók mynd á Polaroid-vél og setti hana á gangstéttina á meðan hún framkallaðist. Kristín Anna Valtýsdóttir tók þá mynd af henni á gangstéttinni og hana notum við.“

EINS LÖNG OG HÆGT ER

„Mér finnst styrkur batterísins liggja í útgáfu svona platna. Hún er algjörlega þverskurður af því sem er að gerast á ævintýrlegri kantinum í tónlistinni,“ segir Kristín en platan telur heilar 80 mínútur.

„Hún er eins löng og geisladiskur getur orðið, held ég. Við lentum í mikilli togstreitu. Um að hafa plötuna ekki tvöfalda heldur eina dýnamítsprengju. Fyrir vikið gátu nokkrir snillingar ekki verið með. Og það voru ekki ómerkari sveitir en Flís og Trabant, til dæmis.“

Fjölskyldualbúmið er sjöunda platan sem kemur út á vegum Tilraunaeldhússins. Hún fæst í 12 tónum og kostar 2000 kall.

tinni@minnsirkus.is

Fyrir forvitna:
www.kitchenmotors.com

MYNDIN FRÆGA SEM VAR TEKIN AF ANNARRI MYND Á GÖTU Í PÉTURSBORG Á FYRSTA TÓNLEIKAFERÐALAGI TILRAUNAELDÚSSINS.



SAVNNKÖLLUÐ FJÖLSKYLDU-STEMNING



KIRA KIRA SAFNAÐI VINUM TILRAUNAELDÚSSINS SAMAN Í DÚNDUR SAFNPLÖTU.

PEACHES KOMIN Á FULLT

Næsta plata ofurtöfvarans og Íslandsvinkonunnar Peaches kemur út 11. júlí. Hún hefur fengið nafnið Impeach My Bush sem er auðvitað tvíræður orðaleikur að hætti söngkonunnar. Síðasta Peaches-plata, Fatherfucker, kom út fyrir þremur árum. Impeach My Bush var tekin upp í Los Angeles fyrr á árinu. Á meðal gesta eru Joan Jett, Feist og Josh Homme úr Queens of the Stone Age. Peaches er líka búin að stofna hljómsveit sem mun spila með henni á tónleikaferðinni sem fylgir plötunni eftir. Þetta er 100% kvennaband, en á meðal meðlima eru Samantha Maloney fyrrverandi trommuleikari Hole og JD Samson úr teknópopsveitinni Le Tigre.



PEACHES GAF PLÖTUNNI HIÐ TVÍRÆDA NAFN IMPEACH MY BUSH.

NÝTT & FERSKARA BLAÐ



Brynja Þorgeirs
að leita en ekki að deita



Dorrit falleg
söng þjóðsönginn



Ásdís Svava
á leið í Miss World & leikur í Erninum

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA



SÓLIN HÆKKAR Á LOFTI OG SUMARIÐ ER KOMIÐ. ÞAÐ ÞÝÐIR AÐ VIÐ FÖRUM OFTAR Í SÓLBÖÐ OG SJÓBÖÐ OG SUNDLAUGARNAR FYLLAST AF FÓLKI SEM VILL NÆLA SÉR Í SMÁVEGIS LIT. UM LEIÐ OG VIÐ FÖGNUM KOMU SÓLAR ER NAUÐSYNLEGT AÐ MUNA AÐ VERJA HÚÐINA FYRIR SKAÐSEMI GEISLA HENNAR. MUNIÐ AÐ ÞANNIG FÆST FALLEG OG ENDINGARGÓÐ SÓLBRÚNKA OG HRUKKURNAR VERÐA FÆRRI.

SUMARSÓL & SÓLBÖÐ



- 1. Helena Rubinstein – úr Golden Beauty-línum**
Þetta krem gefur örфина og léttu áferð og ver húðina fyrir sólargeislum, öldrun og myndun brúnna bletta. Sérstaklega fyrir andlit og gefur jafnan húðlit og geislandi húð þar sem kremið er 10 sinnum meira fljótandi en hefðbundin húðmjólk. Gott að nota undir farða.
- 2. Helena Rubinstein – úr Golden Beauty-línum**
Þetta krem hefur styrkjandi áhrif og er fyrir líkamann og er rakagefandi með gel-kremáferð og ekki fitugt. Stinnir og sléttir húðina og gefur fallegan húðtón. Mjög rakagefandi og há vörn gegn öldrun, hrukkum og skjöldur gegn roða og bruna.
- 3. Lancôme – Flash Bronzer**
Fyrsta sjálfbrúnandi vatnið, örliðið litað og gefur samstundis fallegan tón og náttúrulegan, endingargóðan lit. Sérstaklega létt og hentar fyrir blandaða og feita húð (stíflar ekki svitaholur). Einstakur ljómi sem er út í karamellulitadán tón. Gefur geislandi húð, náttúrulega og fallega. Berið á með baðmull.
- 4. Lancôme – Absoluë Soleil**
Besta sólvarnarsía Lancôme gegn UV-geislum með virkt efni sem endurbýggir náttúrulegar varnir húðarinnar. Ver gegn þurrki, myndun hrukkna og slappri húð. Verndar proskaða húð í sólinni.
- 5. Lancôme – Absoluë Soleil**
Andlitskrem. Fingerð og fersk kremáferð með mildum ilmi olianna. Húðin helst þétt og liturinn myndast á fullkomlega öruggan hátt.

FRÍSKANDI OG NÁTTÚRULEGT ER EITTHVAÐ SEM ALLIR SÆKJAST EFTIR Í DAG. EF ÞÚ VILT FORÐAST SÓLINA ALGJÖRLEGA, ERT BARA EKKI ÞESSI SÓLARSLEIKJA EÐA TEKUR BARA EKKI LIT. ÞÁ ER SIRKUS EINNIG MEÐ ÁGÆTIS RÁÐ OG ÞAÐ ER RÁÐ SEM BER AÐ NOTA ALLAN ÁRSINS HRING, BARA SVONA RÉTT TIL AÐ NÁ FRAM SMÁ FRÍSKLEIKA.

BRÚNKA EN ENGAR HRUKKUR

- 1. Chanel Soleil Identité.** Í fyrsta skipti kemur Chanel með brúnkukrem. Það gefur húðinni náttúrulegan flottan lit, mikinn raka, ferskleika, afslappað yfirbragð ásamt því að innihalda vörn 8. Þetta er ekki aðeins brúnkukrem heldur inniheldur það allt sem gott andlitskrem þarf að hafa. Það er auðvelt að bera það á sig án þess að fá flekki og Chanel lagði einnig mikla áherslu á að brúnkukremið ilmaði vel.
- 2. Guerlain Terracotta Moisturising Bronzing Spray.** Þetta er gelkrem sem gefur samstundis lit og smýgur fljótt og auðveldlega inn í húðina. Það endist vel, auðvelt að ná af í sturtunni og smitar ekki í fót.
- 3. Guerlain-brúnkukremið** er einstaklega þægilegt í notkun, það er blanda af geli og kremi og hefur léttan lit sem gerir manni auðveldara að fá jafnan húðlit lausan við flekki.
- 4. Guerlain Terracotta Self Tanning Spray** er brúnkusprey frá Guerlain sem er fljótt að þorna og gefur fallegan gylltan lit.
- 5. Marbert Quick Self Bronzer Body and Legs** er nærandi brúnkukrem sem er sérsníðið að þörfum líkamans og gefur mikinn raka og gyllta brúngu.



sigga@minnsirkus.is

ÓSKALISTINN.....

EKKI LÁTA RÆNA ÞIG, VERTU KÚL MEÐ MITTISTÖSKU FRÁ BELLEVILLE Á LAUGAVEGI.

SLEIKJÓ ER EKKI BARA GÓMSÆTUR, ÞESSIR KITLA EKKI BARA BRAGÐLAUKANA HELDUR ERU HÍÐ FÍNASTA PÚSS. SKRAUTLEGIR OG BRAGÐGÓÐIR OG SVO SANNARLEGA SKEMMTILEG GJÖF. ÞESSIR FÁST Í TE OG KAFFI Í KRINGLUNNI.

BESTI VINUR MANNSINS, RAFMAGNSHUNDUR SEM FÆST Í HANS PETERSEN Í ÝMSUM LITUM. GEGGJAÐ STUÐ MEÐ MEIRU!

LJÓS Í MYRKRI FÆST Í HANS PETERSEN Í KRINGLUNNI. ÞESSI PERA GERIR KRAFTVERK, ROSALEGA SKEMMTILEG, SANKAR AÐ SÉR BIRTU ALLAN DAGINN OG LÝSIR SVO Í MYRKRI. GLOW IN THE DARK.

SÓGLERAUGU MEÐ SKYGGNI SEM ALLIR VERÐA AÐ EIGA, FRÁ BELLEVILLE Á LAUGAVEGI.

ÞEIR SEM VILJA EKKI SKYGGNI GETA FENGIÐ SÉR SÓGLERAUGUN DRÁTT FYRIR ÞAÐ, BELLEVILLE Á LAUGAVEGINUM.

FALLEGAR SNYRTIBUDDUR SEM FÁST Í OASIS, EKKI GEYMA ÞITT HELSTA GÓSS Í EINHVERRI SKRUDDU SEM ÞÉR ÞYKIR EKKI VENT UM OG ER ALGJÖR SJÓNMEGUNG. SKIPTU UM SNYRTIBUDDU REGLULEGA OG HAFÐU HANA ELEGANT.

SAMSUNG PSC-T33, EKTA GELLUVÉL SEM ER NETT OG FLOTT. 5.1M PIXLA VÉL MEÐ SJÁLFVIRKUM FÓKUS OG LINSAN STENDUR EKKI ÚT, TEKUR VIDEÓ OG ER MEÐ MACRO-STILLINGU. FÆST Í HANS PETERSEN Í KRINGLUNNI.

ÞETTA FALLEGA BAÐSETT FÆST Í NÝJU HÚSBÚNADARDEILD- INNI Í NEXT Í KRINGLUNNI.

21

HVAÐ LEYNIST UNDIR FÖGRU FLJÓÐI? AÐ SJÁLFSÖGÐU FERÐU EKKI Í GÖMLUM, GÖTÓTTUM KJÓL Í SAMKVÆMI, NÉ HELDUR



bootylicious



OFÞVEGNUM OG ÚTJÖSKUÐUM KJÓL Á KAFFIHÚS. FLOTTIR RASSAR Í FLOTTUM KLÆÐUM ER NOKKUÐ SEM ALDREI MÁ GLEYMAST



23



LITASÉRFRÆÐINGURINN EMILIO PUCCI

ÍTALSKI FATAHÖNNUÐURINN EMILIO PUCCI ER VEL ÞEKKTUR OG HEFUR SÝNT Á HELSTU STÖÐUM HEIMS EN AÐALLEGA Í FLÓRENS, CAPRI OG RÓM. HANS EINKENNI VORU Í UPPHAFI ELEGANT SPORTFATNAÐUR OG ÞÁ SÉRSTAKLEGA SKÍÐAFATNAÐUR. EINNIG ER HANN ÞEKKTUR FYRIR SÉRSTAKT MARGLITT PRINT, ÞETTA ER STÆRÐFRÆÐILEGT MYNSTUR OG ER AÐALLEGA HUGSAÐ Á SILKIBLÚSSUR. HVERNIG PUCCI NOTAR LITI OG VINNUR LITI OG ÞÁ SÉRSTAKLEGA Á SILKI, ÞRJÓNAFATNAÐ, KLÚTA OG HANDKLÆÐI ER HANS EINKENNI OG STENDUR UPP ÚR SEM HANS PERSÓNULEGI STÍLL, SEM ER OFT HÆGT AÐ ÞEKKJA Á SVIPSTUNDU.

sigga@minnsirkus.is



ÚR HAUST- OG
VETRARLÍNUNNI
2006/2007.




HÖNNUÐURINN EMILIO PUCCI AÐ
LOKINNI SÝNINGU SINNI Í FYRRA.



HLÝTT FYRIR NÆSTA
HAUST OG VETUR.

NÝJAR VÖRUR



bianca

Gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12, Kópavogi
sími: 554 3533

ÞAÐ ER ALLTAF STEMMARI Á X-INU OG NÚNA Í SÍÐUSTU VIKU VAR AUGLÝST EFTIR FÓLKI SEM VÆRI TIL Í AÐ LÁTA HÚÐFLÚRA Á SIG MERKI STÖÐVARINNAR. AÐ SJÁLFSÖGÐU VORU VEGLEGIR VINNINGAR Í BOÐI EN ÞAÐ VAR VIP-PAKKI FYRIR HRÓARSKELDU SEM ER NÚNA UM NÆSTU HELGI.



AETLA BÁÐIR AÐ FLÚRA ANNAÐ YFIR

ÞEIR ERU HUGAÐIR, KRISTMUNDUR OG ÓSKAR Á LEIÐINI Í STÓLINN

Þeir sem vildu hreppa hnosið áttu að mæta á föstudaginn á Íslensku húðflúrstofuna á Hverfisgötu og má með sanni segja að tveir kauðar hafi gert betur og mætt með sófa, teppi og allt tilheyrandi fyrir utan stofuna kvöldið áður. Kauðarnir tveir, þeir Kristmundur og Óskar hlutu að sjálfsgöðu VIP-pakkann og eru á leiðinni út. Sirkus vildi heyra hljóðið í þeim og athuga hvort einhver eftirsjá væri.

EITT TATTU Í STAÐ HRÓARSKELDU

„Þetta er frekar stórt, 12X12, það er ekkert mál að breyta þessu í annað tattú,“ segir

Kristmundur ákveðinn. „Það var alltaf plan hjá mér að breyta um leið og ég finn eitthvað annað flott. Ég er með annað tattú svo þetta er nú allt í góðu, ég meina Hróarskelda. Við þurftum bara að láta á okkur tattú ég meina þetta er fínt stöf. Við erum spennir en þessi VIP-miði er víst ekki of æðislegur, held þá sé skammtaður í mann bjór en vonandi alveg nóg. Við förum út núna á miðvikudaginn svo við erum bara að safna kröftum,“ segir Kristmundur kátur.

GAMAN AÐ VERA SOLDIÐ BRJÁLAÐUR

„Ég er bara kátur með þetta og líður vel,“

segir Óskar annað fórnarlambanna. „Ég sé ekki eftir þessu en ég ætla að láta flúra yfir þetta, það er ekki spurning. Við gerðum þetta nú bara upp á fjörið, gaman að vera soldið brjálaður stundum. Ég er ekki búinn að ákveða hvað ég ætla að setja í staðinn, það kemur bara í ljós en ég er með eitt annað á úlnliðnum. Við ætlum að sjá allt þetta aðal og ég er sérstaklega spennntur að sjá Tool sem er rokkband. Þetta verður bara stanslaust parti,“ segir Óskar sem er að vonum spennntur.

sigga@minnsirkus.is

ALLIR VILJA STJÓRNA ÞÆTTINUM PÍPÓLA Á SIRKUS

TÆP VIKA EFTIR AF UMSÓKNARFRESTINUM

Sirkus leitar þessa dagana að tveimur þáttastjórnendum til að stýra nýjum, íslenskum sjónvarpsþætti, Pípóla, í sumar. Í þættinum kanna stjórnendurnir hina ýmsu króka og kima íslensks samfélags. Þeir fara í hin ýmsu hlutverk í einn dag og gefa þannig áhorfendum kost á að kynna lífi ólíkra hópa á reykvískum sumardögum. Meðal hlutverkanna eru til dæmis útigangsmenn, sjómenn, löggur og rapparar. Þættirnir verða verða átta talsins og hálf tíma langir, tveggja mánaða þrusuffn vinna.

Byrjað var að auglýsa eftir stjórnendum fyrir viku síðan en þeir sem hafa áhuga eiga að fara inn á síðuna minnsirkus.is/pipola og sækja um. Nú þegar hefur fjöldi manns sótt um og eru nokkrir þekktir þeirra á meðal. Umsækjendur þurfa að vera á aldrinum 16 til 33 ára. Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins næsta, 28. júní.



KOLBRÚN ER TIL.



HAFFI HEFUR ÁHUGA.



MARÍA ER 100% MEÐ.



SKARPASON SEGIR GÓ.



FRIBBI VILL ÞETTA.



SÆTI	LAG	FLYTJANDI
1.	His Lyrics Are Disastrous	Jakobínarína
2.	You Only Live Once	The Strokes
3.	Hate Me	Blue October
4.	Is It Love	Dr. Mister & Mr. Handsome
5.	Saying Sorry	Hawthorne Heights
6.	Supermassive	Black Hole Muse
7.	Welcome Home	Coheed And Cambria
8.	Shine	Benny Crespos Gang
9.	Bang Bang, You're Dead	Dirty Pretty Things
10.	The Zookeepers Boy	Mew
11.	Enemies Like This	Radio 4
12.	Woman	Wolfmother
13.	The Adventure	Angels and Airwaves
14.	Life and Habits	Wulfgang
15.	Miss Murder	A.F.I.
16.	Vicarious	Tool
17.	Dramatísk rómantík	Fræ
18.	Over and Over	Hot Chip
19.	Too Many Puppies	Atómstöðin
20.	Better Do Better	Hard-Fi

STRÁKARNIR Í JAKOBÍNARÍNU HITA UPP FYRIR PLÖTUNA SÍNA MEÐ STÓRGÓÐU LAGI Í FYRSTA SÆTI.



SÆTI	LAG	FLYTJANDI
1	Crazy	Gnarls Barkley
2	Gone Going	Black Eyed Peas
3	Losing a Friend	Nylon
4	Where'd You Go	Fort Minor
5	Hips Dont Lie	Shakira Ft. Wyclef
6	Girl Next Door	Saving Jane
7	Dance Dance	Fall Out Boy
8	And She Said	Lucas Prada
9	For You I Will	Teddy Geiger
10	Savin' Me	Nickelback
11	Hvar sem ég fer	Á móti sól
12	Better Together	Jack Johnson
13	Ó, María	Gréta Mjöll
14	Hard Rock Hallelujah	Lordi
15	Barfly	Jeff Who?
16	Promiscuous	Nelly Furtado
17	Who Knew	Pink
18	Walk Away	Kelly Clarkson
19	17 Years	Drifskaf
20	Sin Sin Sin	Robbie Williams

GÆJARNIR Í GNARLS BARKLEY EIGA HEITASTA SMELLINN ÞETTA MISSERID.



Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

SKEMMTISTAÐIR

FÖSTUDAGURINN 23. JÚNÍ

VEGAMÓT

Það er alltaf sama góða stemningin á Vegamótum, kíktu við fáðu þér gott í gogginn með góðra vina hópi. Svo þegar það færast meira fjör í leikinn er um að gera að dansa undir tónum hins eina sanna Dj.Dóra

OLIVER


Það er heitt og sveitt hér í kvöld og enginn ætti að missa af stuðinu. Það er Dj J.B.K. sem ætlar að halda uppi massa stuði þar til yfir lýkur. Stuð og standpína, rassadans og kelerí.

PADDY'S, REYKJANESBÆR

Keflavík og aftur Keflavík, þetta er bærin sem aldrei sefur og að þessu sinni eru það útgáfutónleikar sem allir ættu að kíkja á. Kojá fagnar útgáfu þröngskifu sinnar á Paddy's í Keflavík.

HRESSÓ

Hljómsveitin TOUCH spilar frá 22 til 01 og það er eins gott að enginn missi af því. Að sjálfsögðu þegar þeir eru orðnir þreyttir mun Dj Maggi vera maðurinn um kvöldið, hann þeytir skífum þar til allt er orðið vitlaust.



SÓLON

Dj.Heiðar Austmann spilar með svokölluðum snilldartöktum, dillar sér, skratsar og svona má lengi telja. Ekki missa af hönkinum spila góða músík.

HVERFISBARINN

Meistarinn Dj.Stef ætlar að gera allt vitlaust á Hverfisbarnum. Hann verður sveittur í búrinu svo ekki láta ykkur bregða þó þakið fjúki af.



PRIKIÐ

Prikið og nokkrir vel valdir dj-ar ætla að gefa út cd og þetta verður fyrsta útgáfupartíði af 4 ... það er Danni Deluxe sem byrjar ... Blautt Malbik sér um þetta kvöld vonandi í beinni á fm 9.77.



GRAND ROKK

The Gang, Benny Crespo's Gang, Æla, ekki missa af og kíkið á viðtalið inni í blaðinu. Þeir lofa góðu og því er um að gera að taka smá rúnt með viðkomu á eina góða.

GAUKUR Á STÖNG

Noise, Lokbrá, Touch og Hugsýki á Gauknum. Noise munu spila efni af væntanlegri plötu, sem kemur út á næstunni. Lokbrá og Touch munu einnig spila efni af væntanlegum plötum. Frábært eðalrokk frá þessum frábæru böndum!

BAR 11

You Got The Power! DJ KIKI-OW (Kitty Von Sometime) veit hvað er ykkur fyrir bestu. Dansið, þegið og látið vaða.

THORVALDSEN

Dj.Hlynur verður nú heldur betur frískur á Thorvaldsen í kvöld. Það er engu logið með það. Án djóks, það er engu logið með það og það besta er að hann er einungis að hita upp fyrir laugardaginn.

LAUGARDAGURINN 24. JÚNÍ

SÓLON

Rikki G ætlar að halda uppi massa stuði þar til kvöldið er allt, þar til fólk getur ekki meira. Það verður bannað að sitja og bora í nefið því nú er kominn tími til að sveifla sér. Dj.Pröstur 3000 verður svo niðri og heldur uppi hita og trylltum dansi þar líka. Sannkallaður snilldar kokeill í anda helgar-

innar.

KAFFI KÚLTÚRA

Palli í Maus lofar stuði og massa standpínum eins og honum einum er lagið. Mætið því það verður gaman og ekkert kjaftæði.

HVERFISBARINN

Meistarinn Dj Steff ætlar að gera allt vitlaust á Hverfisbarnum. Hann verður sveittur í búrinu svo ekki láta ykkur bregða þó þakið fjúki af.



PRIKIÐ

Kvöldið byrjar á þeim Franz og Sverri og seinna taka þær Erna og Ellen við með „Reif í Prikið“ næntis party.

HRESSÓ

Hljómsveitin TOUCH spilar frá 22 til 01 og það er eins gott að enginn missi af því. Að sjálfsögðu þegar þeir eru orðnir þreyttir mun Dj Maggi vera maðurinn um kvöldið, hann þeytir skífum þar til allt er orðið vitlaust.

NASA

Hljómsveitin Sniglabandið efnir til stórdansleiks í fyrsta sinn á Nasa laugardaginn 24. júní. En hljómsveitin hefur verið í fríi um nokkurra ára bil og er kominn tími til að taka eins og eitt ball.



KAFFIBARINN

Alfons X mun ekki svíkja neinn og það er ekkert grín svo láttu sjá þig eða farðu heim til þín með skottið á milli lappanna og skammastu þín. Skamm skamm!!

THORVALDSEN

Dj.Hlynur verður nú heldur betur frískur á Thorvaldsen í kvöld. Það er engu logið með það. Án djóks það er engu logið með það og það besta er að hann er einungis að hita upp fyrir sunnudaginn.

OLIVER

Það var vel hitað upp í gær, já það má með sanni segja það núna í kvöld eru það kvöldúlfarnir miklu sem ætla að missa sig og sýna okur hinum hvernig það er að vera í banananastuði. Það er SUZY & ELVIS sem ætla að þeyta skífum og dilla sér með.



GRILL OG GARGANDI SNILLD

Það er rosalegt grillpartý í Hressógarðinum þar sem allt verður fljótandi í veitingum bæði í föstu og fljótandi formi. Dansarar frá Kramhúsinu mæta með suðræna stemningu undir stjórn Rossie frá Chile. Dj Georg heldur uppi suðrænum takti bæði úti og inni og að sjálfsögðu eru það gestir og gangandi sem sjá um restina. Það verður pakkað af frábærum eðalpinnum og dúndrandi stemning verður í öllum. Sannkallað Latínó grillpartý sem enginn má missa af. Amigos og amigas látið ykkur ekki vanta þar sem alvöru stuðið felur sig.



Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

LISTSÝNINGAR

MINJASAFN REYKJAVÍKUR

Sýningin Diskó og Pönk er á Minjasafni Reykjavíkur-Árbæjarsafni, geggið fjór fyrir alla.

ANIMA GALLERÍ

Eln Þórarinsdóttir sýnir hér hin ýmsu flát. Ótrúleg sýning sem enginn á að láta fram hjá sér fara.

HAFNARBORG

Sýning á ljósmyndum og málverkum listmálarans og ljósmyndarans Patriks Huse og stendur hún yfir til 30. júní.

ENERGÍA

Sandra María Sigurðardóttir heldur málverkasýninguna moments og mun hún standa yfir til 30. júní. Viðfangsefnið er manneskjan.

LISTASAFN ÁRNESINGA, HVERAGERÐI

Litrík textilsýning, þótt verkin séu gerð úr iðnaðarefnum á borð við MDF, gler og stál þá tjáir MDF-efnið hið lífræna efni enda í sjálfu sér ekki ólíkt jarðvegi og mold. Sýningin stendur til 18. júní og það er opið alla daga milli 11 og 17.

HRAFNISTA Í HAFNARIRÐI

Eiríkur Smith er með málverkasýningu á Hrafnistu í Hafnarfirði en eins og allir vita er Eiríkur einn ástsælasti listmálari landsins.

ANIMA GALLERÍ

Erla Þórarinsdóttir, Dældir og duldir heitir sýningin og mun hún standa til 25. júní.

SUÐSUÐVESTUR

Þórunn Hjartardóttir sýnir í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ (Keflavík) undir yfirskriftinni „Hvernig er Suðsuðvestur?“ Þetta er einhvers konar límbandsinnsetning ef svo má að orði komast. Stendur til 18. júní.

GALLERÍ SÆVARIS KARLS

Reiter sýnir um 20 myndverk sem hann hefur málað undir hughrifum frá Íslandsferð fyrir einu og hálfu ári. Þá ferðaðist hann um óbyggðir landsins og má sjá áhrif þess í myndunum sem hann sýnir. Sýningin stendur til 5. júlí.

KAFFI SÓLÓN

Þórunn Maggý Mýrdal Guðmundsdóttir sýnir kröftug málverk á Kaffi Sólón núna um helgina svo að það er um að gera að kíkja á sýninguna sem og prófa nýja matseðilinn.

HALLGRÍMSKIRKJA

Sumarsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju. Ásgerður Búadóttir sýnir í forkirkju Hallgrímskirkju. Ásgerður er frumkvöðull nútímaveflistar og er sýningin í samvinnu við Listasafn Háskóla Íslands og mun standa yfir til 26. ágúst.

KAFFI KJÓS

Ólafur Jónsson (iló), Berjalandi, Kjós með málverkasýningu. Opið í sumar alla daga frá 12–21.

KETILSHÚSIÐ LISTAGILI

Soffía Sæmundsdóttir sýnir málverk á tré, striga og pappír. Sýningunni lýkur á sunnudag.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS LAUGARNESI

1. og 2. árs nemendur LHÍ sýna afrakstur námskeiðsins Textíll og samtíminn undir leiðsögn Guðrúnar Gunnarsdóttur.

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Spencer Tunick – Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir – Svefnfarar.

LISTASAFN ÍSLANDS

Sýningar á verkum Birgis Andrésónar og Steingríms Eyfjörð, verkin á sýningunum spanna allan feril listamannanna. Vegleg fræðsludagskrá í tengslum við sýninguna sem stendur til 25. júní.

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

„Tíminn tvinnadur“ heitir sýningin sem stendur núna yfir. Alþjóðlegi listhópurinn Distill sýnir verk sem spannar sviðið frá tvívíðum hlutum í skúlptúra og innsetningar. Sýningin stendur yfir til 31. júlí.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN

Ásmundur Sveinsson – Maður og efni. Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

Sýning sem sett er upp fyrir unga listunendur í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Eddu útgáfu. Einnig eru sýndar á safninu innsetningar eftir Joseph Kosuth og Ilja & Emiliu Kabakov sem eru fremstu konseptlistamenn heimsins í dag.



LISTASAFN KÓPAVOGS, GERÐARSAFN

Yfirlitssýning á verkum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. Unnið í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs. Safnbúð og kaffistofa og stendur til 31. júlí.

GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGÐI

Sýning með hljóðtengdum myndverkum í tilefni Fjöllumháttar. Finnabogi Pétursson, Haraldur Jónsson, Steingrímur Eyfjörð, Kira Kira, Ólafur J. Engilbertsson og listnemar við LHÍ sem sýna bókverk.

NÆSTI BAR

Undanfarin ár hefur Snorri Ásmundsson þróað með sér andlega tækni í málalari, verkin hans eru talin hafa lækningarmátt svo ekki missa af sýningunni og kannski hættir hausverkurinn.

LISTASAFN ASÍ

Huginn Þór Arason og Unnar Örn Auðarson sýna í Listasafni ASÍ. List er ekki spegill – list er hamar. Opið 13–17 og stendur til 25. júní.

AFMÆLISSÝNING LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR

Í tilefni af 25 ára afmæli Ljósmyndasafns Reykjavíkur færir safnið ljósmyndaeign sína nær íbúum og gestum borgarinnar. Á útsýningum á Austurvelli, Lækjartorgi og í Fógetagarði gefst áhorfendum kostur á að kanna þetta svæði í gegnum ljósmyndir frá liðinni öld og bera mannlíf og borgarmynd fortíðarinnar saman við Reykjavík dagsins í dag.

THORVALDSEN BAR

Marinó Thorlacius með ljósmyndasýninguna „dreams“. Ljósmyndir hans eru alveg sér á báti og hafa þær vakið mikla athygli bæði hérlendis sem og erlendis. Sýningin stendur yfir þessa helgi og næstu svo það er um að gera að drífa sig.

NÝLISTASAFNIÐ

Sýning Bryndísar og Claire Charnley stendur nú yfir undir nafninu Speech eða á íslensku TALA.

101 GALLERÍ

Steinunn Þórarinsdóttir sýnir til 22. júlí, komið og þið munuð verða margs vísari en það er opið einungis fimmtudaga, föstudaga og laugardaga.

SAFN

Verk eftir listakonurnar Karin Sander & Ceal Floyer verða í Safni. Sýningarnar eru opnar til 2. júlí. Auk verka eftir listakonurnar tvær verða sýnd verk úr safneigninni.

HELGIN HJÁ MERKJUNUM



Steingeit (22. des.–19. jan.)

Innsæi þitt er sjóðheitt í augnablikinu. Nýttu þér það vegna þess að þá séðu hlutina í réttu ljósi, ástarmálin eru í brennidepli hjá þér þessa dagana, hvort sem um ræðir maka eða jafnvel ný tengsl. Tækifæri opnast og mál leysast.



Vatnsberinn (20. jan.–18. feb.)

Þú hefur margt til málanna að leggja og það vill svo vel til að það er fólk sem leggur við hlustir, nýttu þér hlustendur og sjáðu hvert það leiðir. Hafðu það hugfast að trúin flytur fólk og þú getur látið allt gert af þú bara trúir á þig. Ástvinir launa þér góðvild þína.



Fiskarnir (19. feb.–20. mars)

Ekki gleyma þér í að hugsa um það hvernig öðrum líður, þú mátt ekki gleyma þér. Enda er líka í lagi að aðrir hugsi svona um þig og fari nærgætnislega að sál fiskisins því hún er viðkvæm þó að fiskar sýnist sterkir. Hugsaðu um þig og láttu aðra hugsa vel um þig. Þú veist vel að þegar maður gerir sitt besta þá er ekkert betra hægt að gera í bili.



Hrítur (21. mars.–19. apríl)

Hríturinn má ekki gleyma að styrkja sjálfálitið, þú þarft að hugsa um það að hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér. Þú þarft að fara upp smá bratta næstu daga og það verður enginn dans á rósum en eitt er víst að þessi barátta mun borga sig svo um munar.



Nautið (20. apríl.–20. maí)

Ástin er möguleg ef þú bara trúir á hana, ekki fara í gegnum lífið með lokuð augu, þú uppgötvar ekki mikið á því. Miðlaðu þessu til allra sem þú þekkir og ekki fara af þessari skoðun. Vinur mun leita til þín og því skaltu hlusta.



Tvíburarnir (21. maí.–21. júní)

Vertu opin fyrir alls konar skringilegri framvindu í einkalífnum, það eru miklar breytingar framundan. Þú munt komast í gegnum þessar breytingar og jafnvel styrkjast svo um munar, mundu að á eftir stormi kemur einnig lofn og þá er tími til forvarna en ekki sópa vandanum undir teppi eða láta eins og ekkert hafi í skorist.



Krabbi (21. júní.–22. júlí)

Það eru frábær tækifæri allt í kringum þig, meinið er bara að þú ert of upptekinn til þess að taka eftir þeim. Í félagslífinu (sem að krabbinn hefur lagt á hilluna núna í smá tíma) leynast tækifæri og sambönd sem munu gefa af sér. Þú ert hrókur alls fagnaðar og njóttu þess til hins ýtrasta.



Ljón (23. júlí.–22. ágúst)

Það er komið að því að ljónið þarf að hreinsa til hjá sér, það eru gömul, óleyst mál sem er löngu kominn tími til að leysa úr. Þú þarft að rífa þig upp og hreinsa til í samvisskúffunni, þú veist hvaða mál er mikilvægt að leysa sem fyrst. Nýttu hugrekki þitt til hins ýtrasta og stíðu þetta aukaskref áfram.



Meyjan (23. ágúst.–22. sept.)

Þú þarft að vinna úr blendnum tilfinningum í kjölfar einhverra fréttar. En þetta fer allt vel að lokum og það er akkurat það sem þú átt skilið þessa dagana. Ef þú ert óruggur með ástandið eða í einhverjum vafa þá skaltu biðja átekta, hugsa og fara að öllu með gát. Í ástarlífinu opnast dyr, skemmtilegar leiðir opnast þér og taktu þú fagnandi, njóttu þess og dekraðu við þig.



Vogin (23. sept.–23. okt.)

Það sem hefur truflandi áhrif á þig og það að þú ryðjir hugmyndum þínum í framkvæmd eru afskipti annarra. Vinir og vandamenn eiga það til að fylgjast of vel með þér og því skaltu halda þeim utan við ýmis mál. Þú ert miklu klárari en þú heldur og þarft ekki að spyrja leyfis eða bera hugmyndir þínar undir aðra. Sumt getur þú alveg gert sjálfur án afskipta annarra.



Sporðreki (24. okt.–21. nóv.)

Sporðrekin er ekki viss um hvers vegna hann elskar þann sem hann elskar. Þú ert fullur af efasemdum sem naga þig að innan, þú stendur ekki jafnt í báðar fætuna og einhver þungi hefur legið yfir þínum anda. Mundu að treysta þinni innri rödd, þú veist best hvað hentar þér, hvað lætur þér líða vel og hvað ekki. Hlustaðu og þér munnið finna lausn á vandanum. Mundu einnig að traustir vinir eða vandamenn geta gert kraftaverk.



Bogmaður (22. nóv.–21. des.)

Tekjumöguleikar liggja í hugmynd sem bogmaðurinn hefur verið að lauma að, þú hefur undibúið þig nú um nokkurt skeið. Það er kominn tími til að trúa á hugmyndina því hún er fullnógin en ekki búið að koma henni á framfæri. Það er fólk sem trúir á þig og stendur við bakið á þér, meira þarftu ekki í bili. Allt fer vel, hafðu engar áhyggjur.

ÞAÐ ER ÁVALLT STEMNING AÐ KÍKJA VIÐ Á KAFFI HLJÓMALIND ÞAR SEM BOÐIÐ ER UPP Á LJÚFFENGAR LÍF-RÆNAR VEITINGAR, LJÚFA TÓNA OG ÁVALLT ÓGLEYMANLEGAR UPP-ÁKOMUR. Á MORGUN, LAUGARDAG-INN 24. JÚNÍ, ER UPPÁKOMA SEM VONANDI MUN SETJA SMÁ SPOR Á MANNLÍFIÐ Í MIÐBÆNUM GÓÐA. KAFFI HLJÓMALIND BÝÐUR UPP Á TÓNAVEISLU MEÐ THE NEIGHBOURS, DODDA, HRESS/FRESS OG ÚLTRA-MEGATEKNÓBANDINU STEFÁNI.

UNGAR OG UPP-RENNANDI SVETTR Í HLJÓMALIND

STEFÁN ER SVALUR Á ÞVI.

Að þessu sinni eru það tónleikar sem marka stuðið um helgina á Kaffi Hljómalind og af því tilefni slógum við á þráðinn hjá einum meðlima hljómveitarinnar Ultramegateknóbandið Stefán til að heyrna í þeim hljóði. „Við erum með tónleika á laugardaginn í Hljómalind,“ segir Ingvar-Hljóðgervill í Stefáni. „Við verðum að spila með bandi af Nesinu sem félagar okkar eru í. Þetta eru strákarnir í The Neighbours, ég held að þeir spila eitthvað rokkdæmi,“ segir Ingvar.

SPENNANDI TÓNLEIKAR

„Við erum bara búinir að vera að spila og vinna í tónlistinni síðan við tókum þátt í Músíktilraunum,“ segir Ingvar hress og kátur. „Við höfum spilað í Austurbæjarskóla, fórum á Eyjafest og spiluðum í Hellinum með Foreign Monkeys sem voru í fyrsta sæti í Músíktilraunum. Það var rosalega gaman í Hellinum og að sjálfsgöðu standa Eyjar alltaf fyrir sínu. Þetta var tveggja daga tónlistarfest og allir í brjáluðu stuði. En þetta verður spennandi núna á Kaffi Hljómalind þar sem við erum ólík bönd og höfum ekki spilað saman áður, það er bara um að gera að mæta og sjá hvernig fer,“ segir Ingvar og skellir upp úr.

sigga@minnsirkus.is



CLAIRE CHARNLEY LISTAKONA HEFUR FERÐAST HEIMSÁLFANNA Á MILLI OG SÝNT GJÖRNING SEM BER YFIRSKRIFTINA SPEACH, SEM NEFNIST TALA HÉR Á LANDI. NÚ SÝNIR LISTAKONAN Í NÝLISTASAFNINU Í SAMSTARFI VIÐ BRYNDÍSI RAGNARSDÓTTUR LISTAKONU.

GJÖRNINGUR Í GEGNUM MÁLIÐ

„Claire Charnley er að fást við tungumálið og vekja athygli á því hversu enska er ráðandi í samfélaginu,“ segir Bryndís Ragnarsdóttir listakona. „Þetta er verkefnið hennar sem heitir Speach en hér heitir það TALA. Hún fær hina ýmsu listamenn til að vinna þetta með sér með þeim hætti að við búum til textann sem hún notast við í verkinu. Claire skilur hann að sjálfsgöðu ekki, hér er listakonan viðfangið í sýningunni. Hún fer til landa þar sem ekki er töluð enska og hún skilur ekki málið,“ segir Bryndís til útskýringar.

UNNUM EKKERT SAMAN

„Steingrímur Eyfjörð bað mig um að vinna með henni að þessu og það er ástæðan fyrir samstarfi okkar,“ segir Bryndís Ragnarsdóttir um samstarfið. „Við unnum samt ekkert saman, ég vann bara að mínu

og hún að sínu. Ég réði síðan uppsetningunni á verkinu, í hverju hún væri og allt það. Hennar útgangspunktur er menningarleg fáfræði og staða enskunnar sem ráðandi tungumáls í heiminum. Hún er að leika sér með þetta og taka hlutina úr samhengi og sjá hvað gerist,“ segir Bryndís.

EINS OG MIÐILL

„Hún flytur textann eins og ræðu, hún vill ekki vita hvað hann þýðir og þannig kemur hún skilaboðunum áleiðis,“ segir listakonan. „Claire var með „headphones“ í eyrunum og ég var í öðru herbergi að tala við hana, hún var eins og miðill. Hún var að miðla því sem ég sagði og áhorfendur vissu ekki að hún væri með þessa „headphones“ né að hún skildi ekki það sem hún var að lesa upp,“ segir Bryndís ánægð með árangurinn.

sigga@minnsirkus.is




BRYNDÍS RAGNARSDÓTTIR LISTAMAÐUR



www.minnsirkus.is/pipola

JONSSON & LEWIS - JULI - SÍA



LEITIN AÐ NÆSTU SJÓNVARPSSTJÖRNU ÍSLANDS STENDUR TIL 28. JÚNÍ.

Sirkus er að leita að ungu hæfileikafólki til að stjórna nýjum og spennandi sjónvarpsþætti í sumar. Stjórnendur Pípóla þurfa að setja sig í mismunandi hlutverk og upplifa hvernig ólíkir hópar fólks lifa lífinu í einn dag.

Ef þú ert hress og ævintýragjörn manneskja undir 33 ára, þá skráir þú þig á minnsirkus.is, tekur þátt í Pípóla-samfélaginu og sækir þar um. Griptu tækifærið til að vera með í mest spennandi viðburði sumarsins!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

PLÖTUSNÚÐAR LANDSINS ERU MENNIRNIR SEM AÐRIR TREYSTA Á AÐ ÞEYFI UPPI SKEMMTILEGA TÓNLIST SEM FÆRI ANNARS FRAM HJÁ ÞEIM. ÞAÐ ER ÞVÍ HÁ-TÍÐ Í BÆ ÞEGAR SNÚÐARNIR TAKA SIG SAMAN OG TAKA UPP SYRPUARNAR SÍNAR. Í SUMAR GEFUR SKEMMTISTAÐURINN PRIKIÐ ÚT FJÓRAR SYRPU OG SÚ FYRSTA KEMUR Á GÖTUR BORG-ARINNAR UM HELGINA.

„Þetta er einfaldlega besta mixteip sem hefur komið út á Íslandi, ever,“ segir Daníel Ólafsson plötusnúður, betur þekktur sem dj Danni Deluxe.

Nú um helgina kemur út mixteip, eða diskur, eftir

Danna þar sem hann fer á kostum á plötuspilurunum í rúman klukkutíma. Danni er fyrstur fjögurra plötusnúða sem blanda saman því besta úr plötukössunum sínum og taka upp fyrir diskaröð sem skemmtistaðurinn Prikið gefur út í sumar. Af orðum hans að dæma setur Danni markið hátt fyrir snúðana sem fylgja á eftir.

TAKMARKAÐ UPPLAG

„Mér skilst að Benni B-Ruff, Gísli Galdur og Robbi Kronik ætli líka að taka upp syrpu. Er samt ekki viss með Robba því hann býr úti. En við Benni fengum þessa hugmynd um daginn og komum henni í framkvæmd,“ segir Danni, sem valdi gaumgæfilega í blönduna. „Rúmur klukkutími af sjóðheiri tónlist. Allt frá hiphopi yfir í elektro og fönk. Svo eru líka þrjú ný lög með Dóra DNA, sem ég pródúseraði,“ útskýrir Danni en allt tók hann þetta upp heima hjá sér þar sem hann hefur komið sér upp litlu hljóðveri.

Það er hægara sagt en gert að verða sér úti um mixteipin þar sem þau verða gefin út í mjög takmörkuðu upplagi og aðeins fánleg á



Á DAGINN KLÆDIR PLÖTUSNÚÐURINN SIG Í GALLA OG MALBIKAR GÖTURNAR.



DELUXE KOMINN ÚR MALBIKUNAR-GALLANUM OG Á BARINN.

Stikuumynd: Páll Bergmann

GERÐI BESTA MIXTEIP ÍSLANDS

Prikinu á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis. Þeir sem vilja næla sér í eintak verða því að vera á tánum dagana í kringum útgáfu.

VINNUR Í MALBIKUN

Danni ætlar þó að gefa nokkur eintök í kvöld í útvarpsþættinum sínum, sem er á dag-skrá á X-inu frá klukkan 22 til miðnættis. Þátturinn heitir Blautt malbik, sem verður að telj-

ast viðeigandi þar sem Danni vinnur dags daglega við að leggja malbik á götur Reykjavíkur.

„Já, ég er allur í malbikinu, líka á daginn. Þetta er sumarvinnan. Maður verður að þéna.“

Hægt er að fá Danna Deluxe beint í æð á Prikinu á föstudagskvöld, þar sem hann lofar að taka bestu búтана úr syrpuinni.

tinni@minnsirkus.is

ÞAÐ Á AÐ GERA MYND UM ÆVI ÞÍNA



HVER MYNDI LEIKA ÞIG?

DRAMATÍSKUR SONGLEIKUR MEÐ KJANA-LEGU ÍVAFI

„Maður hefur nú ekki oft spáð í þessu,“ segir Dóra Jóhannsdóttir leikkona. Dóra er nýútskrifuð úr Leiklistarskólanum og fór hamförum á sviðinu í verki Hugleiks Dagsssonar „Forðist okkur“.

„Ég hugsa að ég myndi gera eins og Eminem í 8 Mile og 50 Cent í Get Rich or Die Trying og leika bara sjálfa mig. Svo var ég líka að hugsa um að gefa einhverjum sjéns sem aldrei hefði almennilega náð að meika það í bíómyndum. Eins og til dæmis Madonna. Myndin sjálf myndi vera einhvers konar dramatískur söngleikur með „sill“ ívafi. Svo myndi Hugleikur náttúrulega skrifa handritið.“

LÍÐUR YKKUR ILLA, ERU VANDAMÁL? ÞIÐ SPYRJIÐ, G-MAÐURINN SVARAR

Spurning: G, ég fór á Óliver um daginn og sá Ásgeir Kolbeinz og ég ætlaði að reyna að láta hann gefa mér fyllingu en þegar ég spurði hann hvað hann héti (því ég vildi ekki að hann vissi að ég vissi hver hann væri) þá sagðist hann heita Kolbenegger. Er þú og Kolb eitthvað skildir?



Svar: Það eru ekki margir sem vita það að ég og Kolb erum frændur. Langalangamma Kolb svaf hjá blökkumanni sem heitir Nestor Ezekwesili Ditkier Dumba þegar hún var í bakpokaferðalagi í Gana og það vill svo skringilega til að Dumba er frændi minn. En Geiri er nú líka byrjaður að kalla sig Kolbenegger í auknum mæli núna því hann er í einkaþjálfun hjá Grantaranum og er farinn að fá byssur og svona.

Sp: Hvernig lýst þér á það að Halldór Ásgrímsson hafi sagt af sér sem forsætisráðherra?

Sv: Mér gæti reynt að vera meira sama, en ég efa að mér tækist það.

Sp: Gillz, ég er að reyna að horfa á HM en kjellingin mín er alltaf með leiðindi og röflandi yfir því að ég geri ekki annað en að horfa á fótbolta. Ég er kannski að horfa á England – Svíþjóð og þá er hún alltaf röflandi og röflandi og biðjandi um harðan, harðan, harðan! Ég get ekkert verið með hann harðan meðan það er HM í gangi maður! Hver djöfullinn er að helvítis konunni minni?

Kv, Einn að verða geðveikur

Sv: Þú ert örugglega ekki eini karlmaðurinn sem er að fá skít í tonnamagni frá frúnni þessa dagana. Þú verður bara að útskýra fyrir frúnni að HM er einu sinni á 4 ára fresti og það er EKKERT sem hún getur gert til þess að koma í veg fyrir það. 90% kvenmanna skilja ekki fótbolta. Þú þarft bara að reidda þér öðru sjónvarpi og skella Melrose Place í tækið og parka frúnni þar.

Sp: Blessaður G. Heyrðu ég veit ekki alveg hvað er að félagi mínum. Hann hittir okkur félagana ekki jafn oft og áður og núna er hann allt í einu kominn með fullt af áhugamálum, að-allega köfum og skotveiði. Hvað er að fréttá með félagi mínn?

Kv, Einn áhyggjufullur

Sv: Það er búið að þurrka hann. Þetta eru mjög þurrkuð

áhugamál. Leyf mér að geta, hann horfir á það var lagið og syngur með? Leiðinlegt að þú misstir vin þinn, ég samhyggist.

Sp: Blessaður Godfather. Heyrðu ég veit ekki alveg hvað er að mér. Málið er það að ég flengi jónssoninn á mér reglulega eins og flestir gera en málið er bara það að ég þarf alltaf grófari og grófari örvun en áður fyrr. Núna þarf ég alltaf að horfa á harðara og harðara klám til að geta kipt í. Hvað er að gerast með mig?

Sv: Þetta er ekki óalgengt skal ég segja þér. Félagi minn hann Kolb sagði mér einu sinni að fyrir nokkrum árum síðan þá gat hann rífið upp Andrésblað og kipt í en núna getur hann ekki skrúfað frá nema að hann sjái tvo svarta frá Gana hægja sér yfir eina asíska. Kolb er ekkert eini gæinn sem hefur lent í þessu skal ég segja þér. Það er örugglega ekki langt í það að þú verðir kominn í kúka klámið félagi. Svona virkar þetta bara.

Sp: Gillz ég sá þig um daginn beran að ofan og ég meig í mig! Fáránlega massaður og tálgaður og með nýja klippingu og allt! Síðan sá ég hinn félagi þinn sem var einu sinni gegt massaður, hann Partijensa og hann var orðinn gegt mjór og hvítur. Hvaða undraprógrammi ert þú á sexi og af hverju er Jensi ekki á því?

Kv, Ein blaut

Sv: Prógrammið mitt þessa dagana er að ég vakna, borða, æfi, borða, æfi, borða, sef. Ég fæ mér Gillz-rétt á Players, ég treð Stallone-próteinum í mig þrisvar á dag, ég borða stjórnumfisk á kvöldin og Robbi í Carter sem er a left handed motherfucking genius sér um hárið mér. Milli þess salona ég og fer í pungvax í Fyrir&Eftir. Þetta er bara rútin mín, sumir segja að ég sé obsessed, en obsessed is just a word the lazy use to describe the dedicated.

Prógrammið hans Hjenz er, vakna, kúka, sofa, kúka, sofa, kúka, æfa í 35 mínútur, kúka, sofa, kúka. Þetta prógram gerir mann ekki buffed.

Sp: Gillz, ég er í því líkum vandræðum og þarf á hjálp að halda. Málið er það að ég er rjómi og verð alveg horni eins og venjulegt fólk og yfirmaður minn sem er hávaxinn, dökk-

hærður, massaður, tattúveraður gæi er að gera mig alveg klikkaðan! Hann er svo illa heitur á því skiluru og ég fæ alltaf litla töfrasprotann beinhardan skiluru þegar ég sé hann. Mér langar svo ógó mikið að gefa honum góða fyllingu en ég held samt að hann sé ekki rjómi, en hann gæti samt alveg verið það. Hvernig kemst ég að því hvort hann vilji fá það frá mér eða ekki?

Kv, Hávar

Sv: Í fyrsta lagi ALDREI kalla jónssoninn á þér töfrasprotann aftur, ALDREI! Þú segir að yfirmaður þinn sé hávaxinn og dökkhærður og af skrifum þínum að dæma þá geri ég ráð fyrir því að þú sért svona sirka 55-60 kíló með skólatösku en samt með bumbu. Sem er by the way mjög langt frá því að vera töff lúkk. En þú ert ekki að fara að yfirbuga yfirmann þinn á líkamsburðum og ef þú klúðrar þessu þá eru ágætis líkur á því að hann berji þig í drasl. Það sem þú þarft að byrja að gera er að panta fund með yfirmanni þínum. Á þessum fundi er takmark 1 launahækkun, takmark 2 fylling.

Þú mætir á skrifstofuna hans í þrengstu gallabuxunum sem þú átt, við erum að tala um að þú átt ekki einu sinni að geta klætt þig í þær einn. Þú röltir inn til hans og segir orðrétt „Hey Boss, ég ætla að biðja um launahækkun,“ og síðan blikkarðu hann. Eftir stutt spjall þá á hann eftir að skrifa tölu á miða og rennir miðanum yfir til þín. Þú tekur miðann upp og kíkir á hann og spyrð yfirmann þinn hvort þú megir koma með gagntilboð. Þá stendurðu upp og byrjar að hneppa rólega frá gallabuxunum þínum meðan þú horfir allan tímann í augun á honum. Ef þér tekst að hneppa efstu tveimur tölunum frá áður en að yfirmaðurinn rotar þig og hendir þér út þá eru ágætis líkur á því að þú verðir lucky. Þú heldur áfram að hneppa tölunum frá, hoppar síðan eins og kengúra upp á skrifborðið og leggur jónssoninn á ennið á yfirmanninum. Þú ættir að geta bjargað þér eftir þetta. Félagi minn hann Kristinn Pálsson hefur margsinnis notað þessa taktík og hún svinvirkar.



31

**Farðu alla leið ! Njóttu lífsins með
heilbrigðum lífsstíl**

